

**VIÐDÍS
EYÐIR
JÓLUNUM
Á ÍSLANDI**



**LINDA PÉTURSDÓTTIR
FYRSTU JÓL ÍSABELLU**



hér & nú

Fimmtudagur 8. desember 2005 – 29. tbl. – 1. árgangur – Verð: 395 krónur

395kr.
blöð í
þrjú einu

KOM MEÐ HRAFN GUNNLAUGSSON SONINN HEIM FRÁ KÚBU

**SUDRÆN ÁST
Í LAUGARNESI!**

MAMMAN FLUTT TIL ÍSLANDS

**STÓRA SYSTIR
HIMINLIFANDI**

**AMMA HERDÍS
Í SKÝJUNUM**


**FRJÓSEMI Á NFS RÓBERT MARSHALL OG BRYNHILDIR ÓLAFSDÓTTIR
EIGA VON Á ÖÐRU
BARNI SAMAN**

ISSN 1670-598X



9 771670 598005

29



L'

O

R



Milla notar
True Match
lit N5 Sand



É

A

L

PARIS

Fyrsti farðinn frá Loréal sem aðlagar sig fullkomlega að lit og áferð húðar.

NÝTT true match

Sérstök blanda sem veitir fullkomna förðun



HVAÐ ER NÝTT

Farði sem aðlagast áferð og lit húðarinnar fullkomlega. Léttur og þægilegur í notkun, mjög auðvelt að stýra áferð hans. Ferskur og eðlilegur, en þekur vel svo húðin virðist lýtalaus.

HVAÐ ER SATT

Einstakir 10 litatónar. Aðlaga sig fullkomlega að þínum eigin húðlit.

HVAÐ ER INN

Húðin verður strax áferðarfallegri. Örfín áferð farðans gerir húðina lýtalaus. Ríkt af B5 og E vítamínunum.

HVAÐ ER ÚT

Kekkir og farði með þéttri áferð. Uppgötvaðu fallega áferð og fullkominn lit, loksins farði sem þú munt elska að nota.

Eins nálægt þínni eigin húð og nokkur farði getur verið.

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

L'ORÉAL
PARIS



HYDROXYCUT

ÞAÐ VIRKAR!

Hydroxycut er eitt mest selda fitubrennsluefni í heiminum undanfarin ár og ekki að ástæðulausu. Það er einfaldlega eitt kröftugasta fæðubótarefni sem völ er á þegar ætlunin er að tálga af sér aukakílóin.

Hydroxycut hækkar hitastig líkamans og eykur þannig grunnbrennsluna margfalt. Það minnkar einnig matarlyst og kemur í veg fyrir að líkaminn nái að breyta kolvetnum í fitu. Það hentar jafnt konum sem körlum og hvort sem notandinn stundar æfingar eða ekki.

Hydroxycut fæst í stórmörkuðum og apótekum um land allt.



 **FITNESS
SPORT**

LAGAR og Faxafeni 8

hér & nú

3 blöð
í einu



6-7

STJÖRNUFRÉTTIR

6-7 Hrafn Gunnlaugsson: Kom heim frá Kúbu með ungan son. Fjölskyldan ánægð.

9 Hannes Smárason byggir brú á milli húsanna sinna á Fjölnisvegnum.

10-11 Linda Pétursdóttir nýtur jólanna með litlu dótturinni. Og er mikið jólabarn sjálf.

12-13 Frjósemi á NFS: Róbert Marshall og Brynhildur Ólafsdóttir eiga von á öðru barni saman.

14 Ástarfleyið: Kvikmyndatökumaðurinn Haukur slær í gegn hjá kvenfólkinu.

15 Herra Ísland: Er heitasti gaurinn á djamminu.

16 Erlendir molar: Nýjustu fréttirnar af fræga fólkinu.

18 Garðar Thor Cortes sló í gegn á útgáfutónleikum sínum í Grafarvogskirkju.

19 Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, segir okkur hvernig jólin verða hjá henni.

20-21 Innlendir molar: Fréttir af íslensku fólki og því sem það hefur fyrir stafni.

22-23 Myndasíða: Allt um parti helgarinnar.



12-13



15



18

LÍFSSTÍLL

24-25 Eldri konur og yngri menn og eldri menn og yngri konur: Heit pör á ólíkum aldri.

26-27 Spurningakeppni fræga fólksins: Ásgeir Kolbeinsson mætir Dodda litla.

29 Líkfundarmaðurinn Grétar Sigurðarson: Laus og liðugur á Kvíabryggju.

30-31 America's Next Top Model: Hvar eru stúlkurnar núna? Hverri vegnar best?

32 Rauði dregillinn: Hvernig klæða kynþokkafullu stjórnurnar í Hollywood sig?

34-35 Kynlíf: Hvað þykir honum gott?

36-37 Ágústa Johnson gefur lesendum góð heilsurád sem koma sér vel yfir jólahátíðina.

38-39 Fataskápurinn: Tónlistarkonan Kaja Halldórsdóttir sýnir lesendum uppáhaldsfötin sín.

40 Angela Ingibjörg Coppola stendur sig vel í Idolinu.

ALVÖRU FÓLK

42-43 Erla Erlendsdóttir rekur vinsælustu ísbúðina í bænum.

44-45 Ástarsagan: Árni Tryggvason og Kristín Nikulásdóttir.

46-47 Guðni Ágústsson hélt ræðu á Byltingartorginu á Kúbu.

48 Soffía Hafþórsdóttir og Hulda Björk Grímsdóttir opnuðu verslun með eigin hönnun.

50-51 Lesið í lófa: Sigurlín Margrét Sigurðardóttir.

52-53 Sigtryggur Baldursson og börnin skreyta heimilið saman.

54-55 Rebekka Guðleifsdóttir er áhugaljósmyndari.

56-57 Sigurjón Brink nýtur þess að eyða tíma með syninum.

58-59 Helgi Þór Harðarson og Pröstor Karelsson eru báðir í fæðingarlofi.

60 Ingibjörg Guðrún Magnúsdóttir listakona málar með þakk-læti.

62 Jólauppskrift: Sigurður M. Magnússon í Bernhöftsbakarí býður lesendum upp á piparköku-uppskrift.

64 Taktu prófið: Hvað veistu um Madonnu?

66-67 Leikjaopna: 10 hlutir sem þú vissir ekki um Hannes Hólmstein og krossgátan.


68 Hér & nú-stúlkan.



68



36-37



44-45



56-57



64

KOMINN HEIM MEÐ

Kúbverska barnsmóðirin Blaðamaður hittir kúbverska barnsmóður Hrafn á heimili hans í Laugamesinu. Hún var indæl og sagði Hrafn hafa skroppið eitt hvert á bilnum sínum.

Opinberun Hannesar Edda Kristjánsdóttir og Hrafn Gunnlaugsson á frumsýningu Opinberunar Hannesar.

Nýtt barn!

STJÖRNUFRÉTTIR

Amma Herdís
„Barnið er virkilega fallegt og yndislegt.“

Stóra systir Tinna Hrafnadóttir segir alltaf ánægjulegt að eignast ný systkin.

Tinna Gunnlaugsdóttir Systir Hrafnar er ekki búin að sjá litla frænda sinn og segir sambandið ekki mikið á milli þeirra systkina.

Hrafn Gunnlaugsson og kúbverska barnsmóðirin

SONINN FRÁ KÚBU



Laugarnestangi Hér býr Hrafn Gunnlaugsson með syninum og kúbverskri barnsmóður.

Gleði!

Hrafn Gunnlaugsson „Ég stúderaði þarna við háskólann í Havana og er núna með það sem kallast annars stigs próf í spænsku. Þegar ég hef náð þriðja stigi er ég víst orðinn að fullgildum kennara.“

Barnið er virkilega fallett og yndislegt,“ segir Herdís Þorvaldsdóttir leikkona og móðir Hrafns Gunnlaugssonar. Kvikmyndaleikstjórinn kom heim frá Kúbu í lok nóvembermánaðar ásamt móður sinni, barnsmóður og litlum syni.

„Hrafn skrapp eitthvert á bilnum sínum,“ sagði hin glæsilega kúbverska barnsmóðir Hrafns á spænsku þegar blaðamaður Hér & nú bar að garði í Laugarnesinu. Hún var glæsileg og virtist líða vel með syninum á heimili kvikmyndaleikstjórans. Lágvæð barnsgrátur heyrðist innan úr stofunni hjá einum

ástsælasta listamanni þjóðarinnar. Hrafn hefur í gegnum tíðina gert margar frábærar kvikmyndir og handrit.

Stóra systir ánægð

„Ég er mjög ánægð. Maður er alltaf mjög ánægður þegar maður eignast ný systkini,“ segir Tinna, dóttir Hrafns, um litla bróður sinn en hún hefur fetað í fótspor föðursystur sinnar Tinnu Gunnlaugsdóttur og er efnileg leikkona. Hrafn kemur úr stórrí fjölskyldu og hefur sjálfur búið við mikið barnalán. Tinna, systir Hrafns og þjóðleikhússtjóri, er mjög ánægð

fyrir hönd bróður síns:

„Ég er nú ekki búin að sjá hann enda er ekkert svakalega mikið samband á milli okkar systkinanna,“ sagði Tinna þegar hún var spurð út í litla frændann í Laugarnesinu.

Lærði spænsku í Havana

Í maí árið 2004 var Hrafn nýkominn til landsins eftir langa fjarveru erlendis. Hann dvaldi á Kúbu og hafði þetta að segja um dvölinna í viðtali við DV:

„Bráðalungnabólgan og fuglafiensan í Kína setti strik í reikninginn svo ég hef frestað Kínaförinni þar til í haust. Ég fór

þess vegna í staðinn til Havana þar sem ég lagði stund á spænskunám. Það er ávallt gaman að vera á Kúbu og ímynda sér að maður sé ungur. Ég stúderaði þarna við háskólann í Havana og er núna með það sem kallast annars stigs próf í spænsku. Þegar ég hef náð þriðja stigi er ég víst orðinn að fullgildum kennara,“ sagði Hrafn Gunnlaugsson þá.

Hrafn, sem er 57 ára, var áður giftur Eddu Kristjánsdóttur og á með henni þrjú börn.

„Ég hef ekkert um þessi mál að segja,“ sagði Edda þegar Hér & nú náði af henni tali.

Hannes Smárason ætlar að tengja húsin sín saman

STJÖRNU-
FRÉTTIR

Hlið við hlið!

Húsin Fjölhisvegur 9 og 11. Þetta eru húsin tvö sem eru í eigu Hannesar Smárasonar. Hann ætlar að setja brú á milli húsanna.

Ég á,
ég má!

Hannes Smárason
Stjórnarformaður
FL-Group vill búa vel.

HANNES & HÚSIN

LOFTBRÚ Á MILLI HÚSANNA

Hannes Smárason stjórnarformaður FL-Group er enginn venjulegur stjórnarformaður. Það hefur oft verið sagt að mottó hans sé „Ég á, ég má“ og lifir hann svo sannarlega eftir því. Hann keypti stórglæsi-

legt hús við Fjölhisveg 11 og ætlaði þá að byggja sér bílskýli. Eitthvað fór það í taugarnar á grannanum í húsi númer 9. Tók Hannes sig þá til og keypti það hús líka og flutti þangað á meðan hann er að gera hitt húsið

upp. Reif hann allt út úr húsi númer 11 þar til það var nánast fokhelt. Nú segir sagan að hann ætli að byggja nokkurskonar brú á milli húsanna tveggja og þannig búa á báðum stöðum. Þeir sem þekkja til segja einnig

að hann ætli að byggja bílakjallara undir húsinu. Það verður gaman að sjá hvernig þessi áform Hannesar muni koma til með að heppnast og má segja að þetta verði sannkölluð Loftbrú.

Texti: Breki Logason H&N-mynd Valli

Linda Pétursdóttir

ER MIKIÐ JÓLABARN O

STJÖRNU-
FRÉTTIR

Jólabarn Linda er mikið jólabarn að sögn móður hennar Ásu Hólmgeirsdóttur enda er hún fædd 27. desember.

Í jólaskapi Sunna og Máni eru eflaust komnir í jólaskap enda eigandi þeirra Linda mikil jólamanneskja.



Við erum ekki vön að borða rjúpu. Það eru svinahamborgarar hérna. Við erum ekkert fyrir rjúpu hérna," segir Ása Hólmgeirsdóttir, móðir Lindu Pé, sem er að passa Ísabellu þegar blaðamaður hefur samband. Linda var í bænum að sinna erindum og Ísabella er dugleg að láta heyra í sér í bakgrunninum.

Linda hefur dvalið hjá foreldrum sínum síðan hún eignaðist Ísabellu Lindudóttur 27. ágúst síðastliðinn og hefur hún einnig selt húsið sitt í Hveragerði.

„Linda er mikið jólabarn og hefur

alltaf verið. Fædd inn í jólin, 27. desember," segir Ása.

Linda hefur sem sagt verið eitt af þessum börnum sem fékk oft á tíðum jóla- og afmælisgjafir saman. „Hún var að minnsta kosti ekki hrifin af því að fá jóla- og afmælisgjöf saman. En það kom fyrir. Hún er búin að benda á það að fá gjafir sitt í hvoru lagi," segir Ása og hlær.

En það verður fjölmennt í Ásgarði um jólin. Bróðir Lindu Sigurgeir sem býr á Nýja-Sjálandi mun koma með fjölskylduna sína og svo er Ísabella, dóttir

Lindu, að upplifa sín fyrstu jól. „Þetta eru allt desemberbörn. Báðir bræður Lindu og börn Sigurgeirs eru fædd í desember. Það verða ekki gefnar neinar brjálæðislega gjafir og útgjöldin deilast ekkert niður.“

En hver var eftirminnlegasta gjöf Lindu sem barn?

„Það var náttúrulega dúkka með ljóst hár og lokka. Stór dúkka sem hún fékk þegar hún var aðeins tveggja ára. Dukkan lokaði augunum þegar maður hallaði henni aftur. En hún á hana ekki lengur. Það var mikið uppáhald.“

Texti: Jón Mýrdal og Hanna Eiríksdóttir

Fjölmiðlafarið Róbert Marshall og Brynhildur Ólafsdóttir

Brynhildur Ólafsdóttir Geislar á skjánum og er komin um fjóra mánuði á leið.

Hamingja!

EIGA VON Á ÖÐRU BARNI SAMAN

Fréttarið á NFS Róbert Marshall og Brynhildur Ólafsdóttir eiga von á sínu öðru barni saman. Þau eiga dóttur sem verður tveggja ára nú í desember en Róbert á fyrir tvö börn og Brynhildur eitt.

Þeir sem þekkja til segja Brynhildi komna á fjórða mánuð og er aðeins farið að sjást á henni. Eins og flestir vita er Róbert yfirmaður Nýju fréttastöðvarinnar en Brynhildur hefur lengi verið fréttakona á Stöð 2. Róbert og Brynhildur kynntust í fréttunum og eru því sannkallað fréttapar.

Í sumar var falllegt í Veiðivötnum þegar starfsmenn Stöðvar 2 fjölmenntu í sína árlegu skemmtiferð. En þar settu Róbert og Brynhildur upp hringana og innsigliðu þar með hamingjuna sem þau fundu í faðmi hvors annars fyrir nokkrum árum. Það ríkir því sannarlega mikil hamingja á heimili þeirra í Kópavoginum, tiltölulega nýtrúlofuð og von er á barni. Hér & nú óskar Róbert og Brynhildi til hamingju.

Róbert Marshall
Yfirmaður Nýju
fréttastöðvarinnar.

Fréttakonurnar á NFS komnar með bumbu

Ólétt!

Ólétt Bryndís Hólm er ein af óléttu fréttakonunum á NFS.

Ástfangin Þóra Arnórsdóttir og Svavar Halldórsson eru fréttamenn á NFS og eiga von á barni saman.

Annað barnið Brynhildur Ólafsdóttir og Róbert Marshall eiga nú von á sínu öðru barni.

FRJÓSEMI Á FRÉTTASTÖÐINNI

Brynhildur Ólafsdóttir er ekki eina fréttakonan á NFS sem á von á barni. Þóra Arnórsdóttir er einnig ólétt en hún er í sambúð með Svavari Halldórssyni sem vinnur líka á NFS. Þóra er dóttir Arnórs Hannibalssonar prófessors í heimspeki og barnabarn Hannibals Valdimarssonar. Þóra og Svavar eru

því sannkallað fréttapar líkt og Brynhildur og Róbert Marshall. Svavar var lengi á fréttastofu Útvarps en hefur verið að standa sig vel á NFS. Bryndís Hólm fréttakona á einnig von á sér en hún er í sambúð með Jan Fredrik Rosenberg fjármálastjóra Íslenska járnblendiflagnsins.

STJÖRNUFRÉTTIR

Haukur í Ástarfleyinu er mikill kvennamaður

Ekkert Ástarfley án selsins!

Heppin Haukur hitti þessa stelpu í útgáfu-partíi Skítamórala á Hverfisbarnum.

Vinsæll „Ja, þær hanga allavega utan í manni eftir að ég lék í þessum þáttum.“

KVENFÓLKID HANGIR UTAN Í MÉR

Áttu kærustu? „Ég má ekki segja það út af þessum þáttum, ég skrifaði undir samning sem bannar mér það,“ segir myndatökumaðurinn Haukur sem hefur slegið í gegn í Ástarfleyinu. „Ég má ekkert tjá mig um mitt einkalíf eftir þessa þætti.“ Það vakti mikla athygli í Ástarfleyinu þegar einn keppandinn, Gréta, valdi Hauk myndatökumann frekar en keppandann Snorra. „Það er ekkert Ástarfley án selsins,“ heyrðist í einum í áhafnar meðlima við þessi tíðindi.

En þú ert ekki í vandræðum með að ná þér í kvenfólk? „Ja, þær hanga allavega utan í manni eftir að ég lék í þessum þáttum,“ segir Haukur og hlær. Haukur er svo sannarlega mikill töffari og verður gaman að sjá hvað gerist í þættinum í kvöld en þá verður enn einn úr áhöfninni rekin af skútunni.

Með Grétu Haukur og Gréta náðu mjög vel saman í Ástarfleyinu.


Kia Haukur og Kia úr Ástarfleyinu.

Koss Haukur kyssir hér Grétu.

Flottur Haukur er töffari sem stelpur eru vitlausar í.

Heitur Haukur er virkilega heitur gaur.

Herra Ísland
er heitur á
djamminu



Heitur Heba,
Óli Geir, Magga
og Soffía.

VINSÆLL OG VEIT AF ÞVI



Gaman Óli hefur hvíslað ein-
hverju fyndnu í eyra Lindu.

Heitur!

Vinsæll Óli var
vinsæll hjá
stelpunum
þetta kvöldið.

Brosað Óli
Geir og Linda
vinkona hans.



Flottur Óli var
brosmildur á
djamminu.

Ólafur Geir Jónsson er nýkrýndur herra Ísland. Um helgina var hann mættur í opunarpartí útvarpsstöðvarinnar Flass 104,5 á Hverfisbarnum og var umvafinn kvenfólki. Þær gjörsamlega líndu sig utan á strákrinn sem var sjóðheitur með hneppi niður á bringu. Þessa dagana er Ólafur í prófum en hann er að útskrifast frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Það er brjálað að gera hjá strákrnum en hann hefur selt sjónvarpsstöðinni Sirkus átta Splash-þætti sem sýndir verða í janúar.

H&N-mynd: Ómar V



Opið Óli sleppti því
að hneppa alveg
upp þetta kvöldið.

Hamingjusöm
Britney og
Kevin á meðan
allt lék í lyndi.

**STJÖRNU-
FRÉTTIR**

BRITNEY TALAR VIÐ LÖGFRÆÐINGA

Poppían Britney Spears átti leynilegan fund með lögfræðingum sínum til að ræða skilnaðinn við eiginmann sinn Kevin Federline. Spears kallaði lögfræðingana saman fyrr í vikunni eftir að hjónabandið hrundi endanlega. Hún lét ekki þar við sitja heldur lét hún draga í burt og skila á bílasöluna Ferrari 360 Modena sem kostaði rúmar ellefu milljónir íslenskra króna.

Britney hefur gengið í gegn um helvíti með Kevin undanfarið. Hann hefur verið í stanslausu partistandi á meðan hún er heima með litla soninn Sean Preston. Nú hefur Spears fengið sig fullsadda og ætlar að gera eitthvað í máluum. Stúlkan flaug til Las Vegas á föstudag til að fagna afmælinu sínu,

en Kevin var ekki með í för, aðeins nokkrir útvaldir vinir. Britney er búin að henda Kevin út af heimilinu og rak einn af lífvörðum sínum fyrir að hleypa honum aftur inn í húsið. Kevin fékk sér herbergi á Beverly Hills-hótelinu. Hann virðist ekki á nokkurn hátt leiður yfir öllum látunum, heldur djámmar sem aldrei fyrr. Nýverið sást til Spears og vina hennar á LAX-klúbbnum í Hollywood. Þar skellti hún í sig vodka og Red Bull og dansaði um allt. Hún rakst á Jackass-liðsmanninn Johnny Knoxville og virtust þau skemmta sér afar vel saman, hlógu og skriktu. En eins og vitað er voru sögusagnir um samband Knoxville og Britney mjög áberandi eftir að þau léku í myndinni Dukes of Hazzard.



Skilað Britney lét draga drossiluna aftur á bílasöluna.



SKILIN VIÐ MANNINN

Christina Applegate er sögð standa á skilnaði við eiginmann sinn Johnathan Schaech en hann lék í myndinni That Thing You Do með Tom Hanks. Eflaust eru karlmenn um heim allan ánægðir með þessar fréttir enda er Christina hin glæsilegasta kona.

BERBRJÓSTA Í SÓLBAÐI

Leikkonan Jennifer Aniston var nýverið mynduð í bak og fyrir þar sem hún lá berbrjósta í sólbáði við heimili sitt á Malibu-ströndinni. Lögfræðingar Aniston hafa þegar varað fjölmiðla við að birta þessar myndir og hafa höfðað mál gegn ljósmyndaranum Peter Brandt fyrir að rjúfa friðhelgi einkalífs leikkonunnar. Ljósmyndarinn tók myndirnar úr mikilli fjarlægð með öflugri aðráttarlinsu. Heyrst hefur að stúlkan þurfi ekki að skammast sín á nokkurn hátt fyrir þessar myndir, þar sem allt sem sést á þeim sé náttúrulegt og falllegt.





Bómullar-safín sængurverasett
verð kr. 7.800



Borðdúkar
verð frá kr. 3.300



Dúnsængur og koddar
verð frá kr. 13.900



Þykk og góð handklæði
verð frá kr. 2.300

**Mikið úrval af einlitum
bómullarhandklæðum**



Skólavörðustíg 21 • Sími 551 4050 • Reykjavík

Garðar Thór Cortes sló í gegn á útgáfutónleikum í Grafarvogskirkju



Sæt saman Addi Fannar úr Skítamóral og Yesmine Olsen njóta tónlistar Cortes yngri.



Elska tónlist Alma og Óskar Páll kíktu á útgáfutónleikana.

SJARMERAR MEÐ UNDURFAGURRI RÖDD



Flott saman Marianna Måsdóttir og Garðar. Þau syngja saman lagið *The Prayer* á plötunni Cortes.

Innlifun Hér er Garðar að syngja af mikilli innlifun og er greinilegt að maðurinn er ástríðufullur.

Garðar Thór Cortes hefur verið á allra manna vörum síðan byrjað var að auglýsa nýju plötuna hans, Cortes. Myndir af honum hafa verið hengdar á öll strætóskýli og heyrast sögur um að konur eigi erfitt með að keyra beint er þær koma auga á hann. Tónleikarnir voru glæsilegir í alla staði og á tvenna tónleika mættu rúmlega tvö þúsund manns og hefur Cortes yngri hlotið gífurlega góða dóma. Þetta er svo sannarlega glæsileg byrjun hjá svo ungum manni.



Flottir Garðar Thór Cortes, Friðrik Karlsson og Einar Bárðarson voru flottir á útgáfutónleikum Garðars.

Pabbi hjálpar til Garðar Corters hjálpar syni sínum við undirbúning útgáfutónleikanna í Grafarvogskirkju.

PABBI HJÁLPAR SYNI SÍNUM



Myndarlegur Strákurinn þykir afar myndarlegur og líkur föður sínum.

Fetar í fótspor föður síns Garðar yngri og eldri undirbúa sig fyrir magnaða tónleika en um tvö þúsund manns mættu á tvenna tónleika Garðars sem ætla sér stóra hluti í tónlistinni.



Mikið að gera Paði var allt á fullu hjá Garðari er ljósmyndara bar að garði.



Hlátur Paði var líka hlegið inn á milli söngva. Hér skiptast þeir Einar Bárðarson og Garðar á bröndurum.

Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti

ÆTLAR AÐ VERA Á

ÍSLANDI Á JÓLUNUM

STJÖRNU-
FRÉTTIR

Vigdís Finnbogadóttir
Ætlar að vera á
Íslandi á jólunum.



Forsetarnir Vigdís Finnbogadóttir og Ronald Reagan á tüninu fyrir framan Bessastaði.

Ég ætla að vera heima hjá mér á sjálfum jólunum eins og venjulega en fer síðan út eftir það," segir Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, sem hefur verið með annan fótinn í Danmörku síðustu árin. Vigdís var viðstödd þegar Nýtt líf valdi konu ársins á dögnum og var stórglæsileg eins og alltaf. Vigdís hefur mikið verið í Danmörku og á meðal annars íbúð þar. En jólunum ætlar hún að eyða á Aragötunni þar sem hún hefur búið í mörg ár. Sést hefur til Vigdísar víða undanfarið og vekur það athygli að hún er með einkabílstjóra. Glæsileg svört Bens-bifreið bíður eftir henni hvert sem hún fer og opnar einkabílstjórinn yfirleitt fyrir hana hurðina. Síðustu árin hefur Vigdís haldið mikið af fyrirlestrum og unnið að mannúðarmálum.

Aragata Hér býr Vigdís þegar hún er á landinu.



Einkabílstjóri

Vigdís er með einkabílstjóra sem er á Mercedes Benz, ekki ósvipuðum þessum hérna.



Með einkabílstjóra!



Útgáfufélag 365 – prentmiðlar.

Útgefandi Mikael Torfason ábm. Ritstjórn Breki Logason, breki@hognu.is, Hanna Eiríksdóttir, hanna@hognu.is, Jón Myrdal, myrdal@hognu.is, Sunna Finnbogadóttir, sunna@hognu.is. Hér & nú Skattahlíð 24, 105 Rvík, sími: 550 5000. Fax Auglýsingar: 515 7599 – Ritstjórn: 550 5075. Netfang Ritstjórn: ritstjorn@hognu.is – Auglýsingar: auglysingar@hognu.is. Setning og umbrot 365 – prentmiðlar. Prentvinnsla Ísafoldarprentmiðja. Dreifing Pósthúsið ehf., dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta ósendar myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabókum án endurgjalds.

Ekki pissa á hurðarhúninginn – núllið er alltaf opið

Miðað við fréttir síðustu daga er miðbær Reykjavíkur athvarf sprautufikla með niðurgang. Íbúar miðbæjarins virðast renna á rassinn í blóðpollum og fá málningu veggjakrotara í finu jakkafötin sín. Í Fréttablaðinu í vikunni sagði íbúi við Laugaveg frá fótbroti eftir viðskipti við fórnarlamb fikniefnadjöfulsins. Ég held að þessar lýsingar á miðbæ Reykjavíkur séu orðum auknar. Sjálfur bý ég í miðbænum og hef aldrei séð svo mikið sem sprautunál eða landasala. Vissulega eru einhverjir sem þurfa að vakna upp við þvagsýni á hurðarhúningnum hjá sér og sparka í tóma bjórdós.

Kaupmaðurinn í Vísi hélt upp á 90 ára afmæli verslunarinnar og er mættur hálfsvjó á morgnana með bros á vör. Hann er í bissetti í miðbænum og hefði ekki verið þar í öll þessi ár ef þetta væri bara einhver Eldborg á mánudagsmorgni. En það er auðvitað gjörsamlega óþolandi að ekki sé borin virðing fyrir miðbænum. Þú pissar ekki bara á hluti sem einhver hefur eytt vel yfir tuttugu milljónum í eða leggur þig í kjallaratröppunum á Sandholtsbakaríi. Það er gott að búa í miðbænum og húsin þar eru heimili alveg eins og einbýlishúsin í Grafarvogi. En lýsingarnar á miðbænum síðustu daga eru fjarstæðukenndar.

Það er ekkert að því að benda fólki á sóðaskap og slæma umgengni en sleppum því að graffa skattann á veggi Stjórnarráðsins. Sjálfur fer ég út á lífið um hverja einustu helgi, bæði kvöldin. Ekki vegna þess að ég vil láta stinga mig með sprautunál eða fá landabrusa í hausinn. Heldur vegna þess að það er gaman í miðbæ Reykjavíkur. Þar skemmtir fólk sér og þar er líka gott að búa. En í guðanna mið-bænum, hættið að pissa á hurðarhúna – núllið er alltaf opið!

Breki Logason



Fögur snót Unnur Birna, eða U.B., er stödd í Kína þar sem hún keppir í Miss World.

UNNUR BIRNA ORÐIN U.B.

Allar helstu stjórnurnar eru komnar með gælunöfn. Jennifer Lopez kallar sig J-Lo, Brad Pitt og Angelina Jolie eru saman Brangelina, Jennifer Lopez og Ben Affleck voru Bennifer og Puff Daddy er P Diddy. Fræga og fallega fólkið á Íslandi er engin undantekning í þessum málum. Yndi okkar allra hún Unnur Birna Vilhjálmstöddóttir feegurðardrottning

Íslands þetta árið er nú stödd í Kína þar sem hún keppir fyrir Íslands hönd í Miss World-keppninni þann 10. desember. Í stuttu kynningarmyndbandi um Unni Birnu brosir hún sínu blíðasta og segir áhorfendum á fallettri ensku: „You can call me U.B.“ Það er svo sem ekki að furða að hún stytta nafn sitt þar sem erfitt getur reynst að bera fram íslensk nöfn.

DJ MINISTRY OF EDUCATION



Þorgerður Katrín Opnaði nýja útvarpsstöð um helgina.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra opnaði nýja útvarpsstöð um síðustu helgi. „Hún opnaði stöðina formlega með því að stinga henni í samband ásamt Gunnari Hólmeiri sem er talsmaður hagsmunaráðs framhaldsskólanna,“ segir Ómar Vilhelmsen útvarpsstjóri Flass. „Hún stakk í samband og þá heyrðist svona hljóð eins og þegar maður leit- ar að stöð. Síðan kom sprenging og þetta small á 104,5,“ segir Ómar en stöðin er nú komin á netið, flass.net. „Við höfum fengið fjórar viðtökur, fullt af e-mailum og hrósi. Nú er bara um að gera að stilla sig inn og hlusta.“



FJÖLSKYLDU- FYRIRTÆKI

Það var margt um manninn í útgáfu-partíi JPV um síðustu helgi. JPV er sannkallað fjölskyldufyrirtæki. Feðgarnir Jóhann Páll Valdimarsson eigandi og sonur hans Egill Örn Jóhannsson framkvæmdastjóri vinna þar hlið við hlið. Sonur Egils, Kristján Dagur, var líka staddur í veislunni í sínu fínasta þússi. Framtíðin verður að leiða það í ljós hvort hann eigi eftir að starfa hjá JPV útgáfunni líka.



BÚINN AÐ SEGJA UPP

Ásgeir Kolbeinsson er búinn að segja upp á útvarpsstöðinni FM 957. Hann hefur lengi starfað við útvarp og var ráðinn dagskrárstjóri stöðvarinnar þegar Presti 3000 var sagt upp á sínum tíma. Hvað þilturinn ætlar að gera er óráðið en það verður sjónvarsviptir af honum af stöðinni. Hann hefur lengi stjórnað því hvað hljómar í eyrum íslenskra unglinga og hefur komið mörgum á kortið. Ef ekki væri fyrir Ásgeir Kolbeinsson hefðu hljómsveitir eins og Trabant ekki náð eins miklum vinsældum og raun ber vitni, það var jú hann sem setti Nasty Boy í spilun.

GÓÐ JÓL HJÁ ACTAVIS



Róbert Wessmann hjá Actavis var ansi gjafmildur á jólagleði fyrir-tækisins. Röbert mætti upp á svið og tilkynnti hvað fyrirtækið myndi gefa starfsmönnum í jólagjöf. Hver einstí starfsmaður fær 65 þúsund krónur að gjöf. Fimm hundruð manns vinna hjá Actavis. Það gerir 32 milljónir. Ekki amalegt það.

Góður jólasveinn Röbert Wessmann forstjóri Actavis tilkynnti jólagjafir til starfsmanna á jólagleði fyrir-tækisins. Actavis gaf hverjum einasta starfsmanni 65 þúsund krónur.

HELGIN SEM LEIÐ Á DJAMMINU

Það var mik-ið fjör í mið-bænum um helg-ina enda fyrsta helgi mánaðar-ins. Á Póst-barnum var allt fljóttandi í stjörnum. **Ingvar E. Sigurðsson** og **Hilmir Snær Guðnason** voru mættir ásamt kærustu-parinu **Birni Hlyni Haraldssyni** og **Rakel Garðarsdóttur**. Jói úr **Idolinu** og **Sigurjón Brink** kláruðu Bitla-sjvíð sitt og var **Sigurður Kaiser** einnig mættur á Póstbar-inn. **Glúmur Baldvinsson** var í góðum gir á Ölstofunni. **Heiðar Austmann**, **Binni Strípa** og



hinir strák-arnir af FM voru mætt-ir á Hverfis-barinn. Á **Oliver** voru **Frosti í Mínus**, **Ásdís Rán** og **Arnar Gunnlaugsson**. Einnig voru herra Ísland **Óli Geir** og **Tinna Alavis** á **Oliver**. **Krummi** var á Sirkus ásamt **Mister Silla** og **Villa Vill** lögfræð-ingi.



RITSTJÓRI MEÐ BLAÐAMANNI

Júlia Margrét Alexandersdóttir ritstjóri Húsa og hýbýla er að slá sér upp. Sá heppni er enginn annar en Freyr Gígja Gunnarsson blaðamaður á Fréttablaðinu. Párið hefur verið að hittast í einhvern tíma og segir sagan að það hafi kynnst á Ölstofunni, sem

er annálaður samkomustaður blaðamanna. Um síðustu helgi voru þau síðan saman á Prikinu og virtust mjög ástfangin. Freyr er einn af máttaurstólþum innblaðsins á Fréttablaðinu og hefur oft á tíðum verið óvæginn í gagnrýni sinni á íslenskar kvikmyndir.



STJÖRNUFRÉTTIR

Helgin með Hér & nú

ÞEIR TENDRUÐU



Dj-ar Dj Maggi og Dj Batman á Flass 104,5 voru hressir í Flass-partíinu.



Svalur Svali á FM var hress um helgina.



Austmaðurinn Hafsteinn Austmann var mættur í Skímópartið.

Strákarnir í Skítamóral héldu magnaða útgáfutónleika í Íslensku óperunni fyrir viku. Þar spiluðu þeir nýju plötuna sína í gegn auk þess sem þeir tóku nokkra gamla slagara. Höfðu þeir á orði að þeir hefðu aldrei verið jafnstressaðir enda er fólk yfirleitt í glasi og dansfíling þegar þeir koma fram. Eftir tónleikana var heljarinnar partí á Hverfisbarnum þar sem aðdáendur sveitarinnar mættu ferskir. Útvarpsstöðin Flass var opnuð og héldu strákarnir partí. Í Salnum í Kópavogi var Diddú með tónleika og gæddi sér á súpu í tilefni dagsins.

H&N-mynd: Ómar V. og Bjarni



Gaman Gunní og Þóra bregða á leik.



Ástfangin Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir og Gunnar Ólason voru ástfangin á Hverfisbarnum.



Ný kynslóð Þessar stelpur tilheyra hinni nýju kynslóð Skímógrúppa og voru hressar á tónleikunum.



Hebbi og konan Herbert Víðarsson og Drífa kærastan hans voru flott í partínu.

LJÓSIÐ



Tíbrá Diddú var með tónleika í Salnum í Kópavogi sem nefndust Tíbrá-Diddú-Hin hlíðin. Hér gæðir hún sér á súpu.



Flott Brynjar Már útvarpsmaður og Kristín Ýr söngkona og fótboltastelpa voru mætt.

Hér & nú úttekt

YNGRI KONUR & ELDRI

ELDRI KONUR & YNGRI

Það er mikið trend í Hollywood að leikararnir næli sér í yngri maka. Gott dæmi um það eru þau Demi Moore og Ashton Kutcher sem nýlega giftu sig. Það sama gerist hér á landi enda spyr ástin ekki um aldur.

ELDRI MENN & YNGRI KONUR



Jakob Frímann Magnússon,
52 ára.



Birna Rún Gísladóttir,
32 ára.

20 ÁR



Júlíus Kemp,
38 ára.



Harpa Pétursdóttir,
24 ára.

14 ÁR



Árni Hauksson,
39 ára.



Inga Lind Karlsdóttir,
29 ára.

10 ÁR



Arngrímur Jóhannsson,
65 ára.



Margrét Blöndal,
44 ára.

21 ÁR

RI MENN

RI MENN

ELDRI KONUR & YNGRI MENN



Brynja Nordquist, 52 ára.



Þórhallur Gunnarsson, 42 ára.

10 ÁR



Alma Guðmundsdóttir,
20 ára.

Óskar Páll Sveinsson,
38 ára.

18 ÁR



Björgólfur Guðmundsson, 64 ára. Þóra Hallgrímsson, 75 ára.

11 ÁR



Sigurður Kaiser Guðmundsson,
31 árs.



Steinnun Camilla Sigurðar-
dóttir, 21 árs.

10 ÁR



Sólvieg Eiríksdóttir, 45 ára.

Elías Guðmundsson, 35 ára.

10 ÁR



Arnar Snær Davíðsson,
29 ára.



Bryndis Helgadóttir,
19 ára.

10 ÁR



Svava Johansen, 41 árs.



Björn Sveinbjörnsson, 30 ára.

11 ÁR

SPURNINGAKEPPNI



Spurningakeppni fræga fólksins er spurningakeppni fyrir fræga fólkið um fræga fólkið. Sá sem tapar skorar á annan sem mætir sigurvegaranum. Fylgist með í næsta blaði.

1. Hvað kallast Megas og Súkkat einu nafni?
„Megasukk.“

2. Hvað heita dætur forsetans?
„Tinna og Dalla.“

3. Hver er söngvari hljóm- sveitarinnar Sign?
„Það er Ragnar Sólberg.“

4. Hver er Þorsteinn Metú- salem Jónsson?
„Ég verð að segja pass á það.“

5. Hvað heitir Geiri á Maxim's fullu nafni?
„Er það ekki Ásgeir Kolbeinsson?“

6. Undir hvaða viðurnefni gengur Valdimar Flygenring í Ástarfleyinu?
„Ástarkapteinninn... bíddu, nei... æi, ég man það ekki.“

7. Hvað heitir hljóm- sveitin sem hitaði upp fyrir Sigur Rós?
„Amina.“

8. Hvaða fyrrverandi úti- gangismaður fékk fötu af vatni og hveiti yfir sig ný- lega?
„Tryggvi Hringur.“

9. Hver er afi rapparans



Dóra DNA?
„Halldór Laxness.“

10. Hver er kærasta Gylfa Einarssonar knatt- spyrnumanns?
„Þetta veit Ásgeir Kolbeins pottþétt... er það ekki samt Tinna Alavez eða eitthvað svoleiðis?“

11. Hvaða jólasveinn kemur síðastur?
„Kertasníkir.“

12. Hvað lyfti Gillzenegger- inn mörgum kílóum í rétt- stöðulyftu á dögnum? (Skekkjumörk 20 kíló.)
„Hann sagði mér þetta á föstudaginn, andskotinn hafi það. Djöfull, hann drep- ur mig núna. Ég segi samt 230 kíló.“

13. Hvað heitir dóttir Lindu Pé?
„Ég vissi ekki einu sinni að það væri búíð að skíra hana.“

14. Hver er leikstjóri kvik- myndarinnar Hostel?
„Eli eitthvað... Eli... Eli... Elli... aaahhhh... Nei, ég er ekki með það.“

15. Hver er pabbi Jóns Gunnlaugs sem var í öðru sæti í Herra Íslandi?
„Það er Viggó Sigurðsson.“



RÉTT SVÖR

1. Megasukk 2. Dalla og Tinna 3. Ragnar Zóberg 4. Þor- steinn í Kók 5. Ásgeir Davíðsson 6. Kapteinn Flygenring 7. Amina 8. Tryggvi Gunnlaugsson (Hringur) 9. Halldór Kiljan Laxness 10. Hérja Lind Björgvinsdóttir 11. Kertasníkir 12. 220 kílóum 13. Ísabella 14. Eli Roth 15. Viggó Sigurðsson

Doddi litli/Love Guru

FRÆGA FÓLKSINS

1. Hvað kallast Megas og Súkkat einu nafni?

„Þetta var eitthvað svona sambland af þessum nöfnum... Megasúkk, getur það verið?“



2. Hvað heita dætur forsetans?

„Tinna og Dalla.“

3. Hver er söngvari hljómsveitarinnar Sign?

„Það er einhver sem vinnur í svona gaddavírsbúð. Ég segi Sigurður.“

4. Hver er Þorsteinn Metúsalem Jónsson?

„Hver er hver? Metúsalem? Það er ekki Steini í Kók allavega... eða jú, ég segi Steini í Kók.“

5. Hvað heitir Geiri á Maxim's fullu nafni?

„Ásgeir eitthvað... eða nei, hann heitir Sigurgeir.“



6. Undir hvaða viðurnefni gengur Valdimar Flygenring í Ástarfleyinu?

„Skipstjórninn... Kapteinn Flygengring.“

7. Hvað heitir hljómsveitin sem hitaði upp fyrir Sigur Rós?

„Það var Amina.“

8. Hvaða fyrrverandi úti-gangsmáður fékk fötu af vatni og hveiti yfir sig nýlega?

„Það var hann Tryggvi úti-gangsmáður... Hringur.“

9. Hver er afi rapparans Dóra DNA?

„Já, já, á ég að vita þetta... Ég hef þetta ekki.“

10. Hver er kærasta Gylfa Einarssonar knattspyrnumanns í Leeds?

„Þetta á maður að vita. Æi, það er þessi dökkhærða sem var með Bjarka. Helga eitthvað... Man ekki meira.“

11. Hvaða jólasveinn kemur síðastur?

„Það er, hérna, Kertasníkir. Maður gleymir þessu ekki.“

12. Hvað lyfti Gillzeneggerinn mörgum kílóum í réttstöðulyftu á dögunum? (Skekku-mörk 20 kíló.)

„Má ég sjá, ég sjálfur er í 180 en segi að hann sé í 240 kílóum.“

13. Hvað heitir dóttir Lindu Pé?

„Það var eitthvað svona úr Ísfolkinu. Ísabella.“

14. Hver er leikstjóri kvikmyndarinnar Hostel?

„Ég var að taka viðtal við hann um daginn. Eli eitthvað. Eli, Eli, Eli Roth.“

15. Hver er pabbi Jóns Gunnlaugs sem var í öðru sæti í Herra Íslandi?

„Ég þakka nú bara fyrir að vera ekki vel inni í þessu og passa því bara á þetta.“

Doddi litli – 9 rétt

Ásgeir Kolbeinsson – 10 rétt

Ásgeir sigraði með einu stigi og mætir Pétri Jóhanni Sigfússyni sem Doddi litli skoraði á. „Nú, þannig að maður verður í þessu allavega í fjórar vikur,“ sagði Ásgeir þegar hann frétti af næsta andstæðingi. Fylgist með í næsta blaði.

vs. Ásgerir Kolbeins



HVELLUR

...í einum grænum

Reiðhjólaverslun | Varahlutir | Verkstæði | Allt árið

KLASSINN ICEFOX 26"

Matrix Man
19" & 21" ástæll



V-bremstur
21 giru grip-shift
Frámdemparar
Standari
Rautt eða blátt

kr. 26.366

SPORTARINN ICEFOX 26"

DISK-2



Fulldempað hjól
Diskabremstur
21 giru Shimano
Grip-shift skipting
19" & 21" stæll
D-Frame
Tvöfaldað gjarör
Dekk 2,1
Silfurgrátt & rautt
eða silfur

kr. 39.871

Diskabremstur
Tvöfaldað algjarör

ROKKARINN ICEFOX 26"

ROCK-1
Discovary
Downhill



Álgrind
Fulldempað hjól
Diskabremstur f&a
24 giru Shimano
Altus EZ-Fire skipting
Tvöfaldað algjarör
Dekk 2,3

kr. 69.933

Diskabremstur
Tvöfaldað algjarör

GIRL BONANZA ICEFOX 24"

Girl Bonanza
17" stæll



V-bremstur
21 giru grip-shift
Standari
Rautt & hvítt eða
fjólublátt & silfráð

kr. 16.573

ELEGANCE WOMAN ICEFOX 26"



18 giru
Bretti
Bögglaberi
V-bremstur
Standar

kr. 17.811



FRÁBER NÝJUNG !!!

Komdu & prófaðu!

BARNAHJÓL ICEFOX 12"

HJÁLPARDEKK
FYLGJA!



kr. 7.906

-25%



Bubbi byggir

kr. 3.660



Baby Born

kr. 3.660



Felix

kr. 3.660

Pýskir hágaða reiðhjólahljálmar frá KED

STERK & ÖRUGG HJÓL með öllu!

STELPU 5-7 ára

ICEFOX 16"

HJÁLPARDEKK
FYLGJA!

Fótbremsa
Handbremsa
Hjálpardekk

Bretti
Bjalla
Standari



kr. 11.992

-15%

STRÁKA 5-7 ára

ICEFOX 16"

HJÁLPARDEKK
FYLGJA!

Fótbremsa
Handbremsa
Hjálpardekk

Bögglaberi
Bretti
Bjalla
Standari



kr. 11.992

-15%

STELPU 6-8 ára

ICEFOX 20"

Fótbremsa
Handbremsa
Bögglaberi

Bretti
Bjalla
Standari
Karfa




kr. 13.544

STRÁKA 6-8 ára

ICEFOX 20"

Fótbremsa
Handbremsa
Bögglaberi

Bretti
Bjalla
Standari



kr. 14.245

Grétar líkmaður, laus og liðugur á Kvíabryggju

Grétar Sigurðarson Er á lausu á Kvíabryggju og kominn í fjórutíu daga runkbindindi.

Alveg í spreng!



Nei, sko, eina frávikkið er draumkunta, ef þú færð draumkuntuna, þá sleppurðu. Önnur frávik eru ekki leyfileg og hafa komið upp ýmsar hugmyndir get ég sagt þér."

Kvíabryggja Strákarnir eru þrír sem eru í bindindinu og hinir hafa veðjað á þá peningum.



JÓLAGJÖFIN Í ÁR VERÐUR RUNK Á ÞORLÁKSMESSU

Ég var eitthvað að dúlla mér með einhverri stelpu áður en ég fór inn. Það er allt saman búið og núna er ég bara laus og liðugur," segir Grétar Sigurðarson, fangi á Kvíabryggju, sem er kominn í fjórutíu daga runkbindindi. „Við erum rétt að verða hálfnaðir, þetta voru fjórutíu dagar og við munum taka jólarunk á Þorláksmessu. Það verður jólagjöfin í ár," segir Grétar um runkbindindið sem hann er í ásamt Ivari og Þór félögum sínum.

„Þessi hugmynd spratt út frá því að við vorum að horfa á myndina 40 Days and 40 Nights. Það var einhver sem hafði á orði að þetta gæti ekki verið mikið mál svo við ákváðum að láta reyna á þetta.“ Hinir fangarnir hafa sett ákveðna upphæð í pott sem strákarnir skipta á milli sín ef þeir halda þetta út. „Við sem erum að keppa megum ekki vita hve há upphæðin er en við höfum haft veður af því að þetta sé dágóður slatti. Þetta breyttist eigin-

lega frá því að vera keppni í það að standa saman. Nú hittumst við og hvetjum hver annan í stað þess að berjast," segir Grétar og hlær að þessu skemmtilega uppátæki.

En mætti láta einhvern annan rúnka sér? „Nei, sko, eina frávikkið er draumkunta, ef þú færð draumkuntuna, þá sleppurðu. Önnur frávik eru ekki leyfileg og hafa komið upp ýmsar hugmyndir get ég sagt þér," segir Grétar að lokum og hlær.

Texti: Breki Logason og Jón Mýrdal

Stúlkunum í America's Next Top Model hefur vegnað misvel í tískuheiminum

Vegnar vel Yoönnu hefur gengið mjög vel í fyrirsætubransanum.

Sexí!

Adrianne Curry

Var sú fyrsta til að vinna titilinn America's Next Top Model. Hún er frá Chicago og talar á mjög einkennilegan

Trúlofuð Adrianne er trúlofuð leikaranum Christopher Knight sem lék Peter Brady í þáttunum The Brady Bunch.

YOANNA ER EINA AL

Þættirnir America's Next Top Model hafa aldeilis slegið í gegn um heim allan og vinsældir þeirra ætla engan enda að taka. Stúlkurnar eru fjórar sem hafa hlotið titilinn. Þær eru: Adrianne Curry, Yoanna House, Eva Pigford og nú síðast Naima Mora.

Engin af stúlkunum fjórum hefur virkilega slegið í gegn í tískuheiminum fyrir utan Yoönnu House sem er líklegust til þess að ná langt sem fyrirsæta.

Það er enginn vafi að þættirnir eru hin fullkomna skemmtun og hefur Tyra Banks komist í feitt með þessari hugmynd.

Tyra Banks Hefur búið til frábært sjónvarpsefni þótt vinningshafarnir hafi kannski ekki slegið í gegn í fyrirsætubransanum.

Hvít gyðja

Yoanna tekur sig vel út á sýningar-pallinum í hvítu.



Hefur ekki gengið vel Ekki hefur borið mikið á Adrienne að undanförunu. Hún lék í demantauglýsingu og svo hefur hún komið fram í þáttunum *The Surreal Life* og fengið nokkur lítil hlutverk í B-myndum.



Flottir leggir Eva Pigford hefur ekki verið mikið á sýningarpöllumum og er í raun ekki hátísku-módel. En hún er með afar fallega leggi. Hún má eiga það.



Ströglæsileg Þrátt fyrir að vera lágvaxin er Eva gullfalleg stelpa. Hún tekur sig einkar vel út í þessum appelsínugula kjól.



Kærastinn Eva Pigford, einnig kölluð *Eva the Diva*, mætir hér í 21 árs afmælið sitt ásamt kærastanum Kerry Rhodes en hann spilar amerískan fótbolta með New York Jets.

VÖRU FYRIRSÆTAN



Gullfalleg Yoanna hér á tiskusýningu með fallgt höfuðskraut. Hún er í raun eina fyrirsætan sem dólmnefndin hefur valið sem hefur hæfileika til að sýna hátískuna.



Yoanna House Stúlkan með fallega andlitið sýnir á tiskusýningu.



Lítill og sæt Naima vann fjórðu seríu af toppmódel-raunveruleikaseríunni.



Naima Mora Gullfalleg stelpa og nýjasta toppmódel Bandaríkjana.

LÍFSSTÍLL

Stjörnurnar og kjólarnir

RAUÐI DREGILLINN



Felicity Huffman

▲ Er alltaf svo drusluleg í þáttunum Aðþrengd-
ar eiginkonur en hérna er hún gullfalleg. Tísku-
löggan elskar húðina hennar og förðunina. Hún
geislar gjörsamlega.

Stjörnur: 8 af 10



Linda Evangelista

Glæsileg!

► Tískulöggan er ekki
að fíla þetta lúkk.
Kjöllinn og stígvélin
passa ekki nógu vel
saman. Hún er svo fal-
leg og kynþokkafull en
rosalega lávaxin og
þarf að vera í pinna-
hælum oftar. Annars
er voða lítið hægt að
setja út á hana. Hún
fær aukastig fyrir að
vera lítið sem ekki
neitt máluð.

Stjörnur: 5 af 10



Shakira

◀ Er alltaf flott þótt hún sé ekki lengur á tísku-
sýningapöllum en hún verður alltaf ein af súper-
módelunum. Klædd í svart með hárið aftur og flott-
an keip. Takið eftir skónum, þeir eru bláir. Þessi
kona er stórglæsileg.

Stjörnur: 9 af 10



KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust.

Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur

fyrir alla þá sem hafa hollustuna

í fyrirrúmi og vilja lifa á

heilsusamlegan hátt.

NJÓTTU LÍFSINS MEÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL



KEA SKYR



FIGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

1

HANN ELSKAR AÐ HORFA

Þetta kemur alls ekki á óvart. Flestir karlmenn æsast upp við að að sjá naktan og kynþokkafullan líkama.

Nakin og flott

Pú ert kannski óörugg með lærin á þér eða líkamann en treystu okkur, hann elskar hann. Karlmenn elska líkama konunnar og að hann sé alvöru, og þá skipta nokkur aukakíló engu máli. Þá sjá þeir hvað konur eru kvenlegar og karlmennskan eykst.

Gerið það fyrir framan spegilinn

Spegillinn gefur honum nýja sýn inn í kynlífið og hann mun elska þetta. Best er ef þú snýrð að

speglinum og hann er fyrir aftan þig. Hallaðu höfðinu þínu að honum og legðu aðra höndina utan um hálsinn á honum. Saman munu líkamar ykkar líkjast listaverki.

Augun mætast

Einföldustu hreyfingarnar eru oft kynþokkafyllst- ar. Næst þegar þú ert um það bil að fá það skaltu horfa í augun á honum. Fyrir karlmenn sem elska að horfa er þetta mjög æsandi.

LEYNDU KYNLIÐSLANG

HANN ELSKAR LYKTINA

KOMDU HONUM Á BRAGÐIÐ

Það er lítill hluti karlmanna, eða um fimm prósent, sem falla í þennan flokk. Þeir æsast upp við bragð og lykt.

SEXÍ LYKT

Kveiktu á ilmkertri næstu þrjú skipti sem þið stundið kynlíf. Áður en þú veist af mun hann hugsa um kynlíf og þig þegar hann finnur þessa lykt. Og þegar þú vantar athygli og kynlíf er nóg að kveikja á kertinu.

GEFÐU HONUM BRAGÐMIKINN KOSS

Náðu í Bailey's eða Crème de Menthe-flöskuna þegar þið eruð ein. Fáðu þér sopa, hallaðu þér upp að honum og hvíslaðu: „Lokaðu augunum og reyndu að giska á hvað ég er að drekka.“ Þegar hann kyssir þig skaltu renna tungunni þinni hringinn um varir hans. Reyndu aftur ef hann giskar ekki rétt og notaðu þá tunguna betur.

Sumir karlmenn elska að horfa, aðrir elska þegar konur tala til þeirra og margir elska að snerta. Uppgötvaðu hvað hann fílar og lærðu almennilega á maka þinn og hvað það er sem getur gert kynlíf ykkar enn betra.

GANIRNAR HANS

HANN ELSKAR AÐ HLUSTA

TALAÐU VIÐ HANN

Menn sem elska að hlusta verða alveg villtir þegar þeir hlusta á konu tala á meðan samfarir standa yfir. Gott er að stynja og henda inn setningum eins og „Ríðu mér!“, „Þú ert svo harður“ eða „Ég er svo blaut“. En þú verður að meina það af innlifun og ef þig langar til að tjá þig skaltu ekki hika við að gera það.

LEYFÐU LÍKAMANUM AÐ TALA

Þegar tveir líkamar koma saman geta skemmtileg hljóð myndast. Karlmenn sem elska að hlusta elska þessi hljóð. Prófið að sitja á móti hvort öðru með fæturna utan um hvort annað og láttu hann rokka sér fram og til baka.

TÓNLISTIN SEM ÆSIR

Rétta tónlistin er algjörlega ómissandi með kynlífinu, til dæmis Sade, Otis Redding, Massive Attack, Tricky eða Usher. Allt eftir hraða kynlífsins.

HANN ELSKAR AÐ SNERTA

Karlmenn þrá allt sem þeir geta snert og fundið fyrir.

STRÍÐU HONUM MEÐ ÁFERÐINNI

Beygðu þig fram þannig að hárið á þér snerti brjóstkaða hans. Dragðu síðan hárið niður að lim hans. Ef hárið á þér er nógu sítt, skaltu veifa því um punginn á honum. Ef hárið er stutt geturðu notað silkiklút. Þetta örvar hann og hann fær enn betri fullnægingu.

AF FINGRUM FRAM

Þessir gaurar elska að snerta og læra með fingrunum. Þeir munu elska speglaleikinn. Leikið eftir hreyfingar hvors annars í rúminu. Ef þú snertir bringu hans verður hann að gera það sama við þig. Þessi leikur mun kenna ykkur báðum betur á líkama ykkar.

GÓÐIR STRAUMAR

Snertisjúki gæinn þinn mun án efa elska vibringinn í titranum jafn mikið og þú. Leggðu hann við neðri hluta kviðar þíns þegar gerist það.

EYDDU TÍMA Í ÞAÐ

Ágústa Johnson gefur lesendum Hér & nú góð ráð varðandi heilsu og mataræði í jólamánuðinum

Nú eru jólin í nánd og vafalaust meira að gera hjá flestum en venjulega," segir Ágústa Johnson einn helsti líkamsræktarfrömuður landsins og framkvæmdastjóri Hreyfingar. „Fólk ætti samt ekki að láta reglubundnar æfingar lönd og leið í desember, heldur að gefa sér tíma til að hreyfa sig.“ Ágústa segir að auðvitað þurfi margir að fækka æfingum sökum anna, en það sé betra að fækka þeim en hætta alveg.

Jólaþræsingar í hófi

„Það er alveg hægt að njóta jólanna án þess að þurfa að raða ofan í sig sætindum og fituríkri fæðu," segir Ágústa. „Fólk ætti að hafa stjórn á skammtastærðunum og smakka það sem því langar mest í og láta annað eiga sig.“ Ágústa hvetur fólk til að halda áfram æfingum og huga að mataræðinu á aðventunni og yfir jólahátíðina. Margir falla í þá gryfju að láta allt eftir sér í mataræðinu um jólin undir því yfirskyni að það sé nauðsynlegt að láta sér líða vel. „Það er ekki gott að upplifa það eftir hátíðirnar að gallabuxurnar séu orðnar óþægilega þröngar," segir Ágústa. „Fólk dettur úr æfingastuði og það er erfiðara að hafa sig af stað aftur í líkamsræktina þegar manni finnst maður þungur á sér.“ Ágústa hvetur fólk til að láta þetta ekki gerast, heldur hreyfa sig nóg í desember og gæta hófs í neyslu.

Góðar stundir á jólum

„Aðventan og jólin eiga að snúast um það að eiga góðar stundir með fjölskyldu og vinum," segir Ágústa. „Það er allt í lagi þótt það sé ekki allt óaðfinnanlegt á jólunum. Fullkomunaráráttan má ekki ná yfirhöndinni. Stórhreingerning, endurnýjun hífýla og 10 sorta bakstur er ekki nausynlegt á jólunum. Það skiptir mestu máli að njóta jólanna með þeim sem manni þykir vænt um og skapa góðar minningar.“ Ágústa mælir með því að geyma stórhreingerninguna fram á vor þegar birta tekur á ný.

Ágústa Johnson
Hvetur fólk til að gæta hófs í mataræðinu yfir hátíðirnar.

LÍFSSTÍLL

SEM SKIPTIR MÁLI



Góð jól með ástvinum
Ágústa minnir fólk á mikilvægi þess að eiga góð jól með vinum og vandamönnum.



”*Áðventan og jólin eiga að snúast um að eiga góðar stundir með fjölskyldu og vinum.*”

Kaja Halldórsdóttir er hrifin af skarti frá Afríku



Kuldaskræfa „Ég er algjör kuldaskræfa og verð að klæða mig vel á veturina. Þessa loðhúfu keypti ég í Nine West í London og ég nota hana mjög mikið. Ullarkápan er rosalega hlý og góð og gengur eiginlega við hvað sem er.“

Elskar gallabuxur „Ég geng mikið í gallabuxum og slít þeim alveg út. Þetta eru Diesel-buxur sem ég keypti í Retro. Önnur vetrarflík sem ég held mikið uppá og nota mikið er lopapeysa sem Kaja frænka mín þrjónaði á mig. Hún kemur sér mjög vel á köldum vetrardögum.“

ENGIN KJÓLAKONA

Ég er ekki mikil kjólakona,“ segir tónlistarkonan Kaja Halldórsdóttir. „En ég á örugglega eftir að gifta mig í kjól. Nýja platan mín kom út í síðustu viku og þá var ég í kjól í fyrsta skiptið á árinu.“ Kaja segist ekki vera mikið fyrir að kaupa sér fót, en þykir mjög gaman að kaupa á aðra, til dæmis systur sína. Kaja vinnur sem flugfreyja ásamt því að búa til tónlist, svo mikið af fötunum hennar er keypt erlendis. Nýja platan hennar Kaju heitir Away from me og á henni eru níu frumsamin lög og eitt koverlag. „Þetta er áhugamál okkar númer eitt,“ segir Kaja, en hún og kærastinn, Albert Guðmann Jónsson liðsmaður hljómsveitarinnar Kung fu, unnu plötuna saman. „Við gerum þetta allt saman; semjum, tökum upp og mixum. Tvíburabróðir Alla, hann Maggi, á líka eitt lag á plötunni.“ Kaja er þessa dagana á fullu að læra fyrir próf, en hún er á öðru ári í sálfræði í Háskóla Íslands. „Það eru engir útgáfutónleikar planaðir,“ segir Kaja. „Ég ætla að einbeita mér að því að klára prófin og sjá svo til.“ Alli, kærasti Kaju, er í London þessa dagana að vinna fyrir Landsbankann og Kaja hefur hugsað sér að heimsækja hann eftir áramót. Við eigum vonandi eftir að heyra meira frá þessari ungu listakonu í framtíðinni.

Hrifin af túrkis „Ég er voða hrifin af túrkisbláu og eiginlega bara öllum svona skærum litum. Pennan hlýraból keypti ég í Bandaríkjunum í sumar. Hann er með satínáferð og mjög þægilegur.“

Á marga toppa „Ég á marga svona hlýralausa toppa. Þessi er gylltur og hann keypti ég á úti-markaði í Bandaríkjunum í sumar. Þetta er nú frekar mikil sumarflík.“

Texti: Sunna Finnbogadóttir DV-mynd Heiða

Punnar og þægilegar

„Skyrtan, eða mussan, er ljós-skærgræn og hana keypti ég á útmarkaði í New York. Ég á margar svona svipaðar skyrtur úr svona þunnu og þægilegu efni.“

**Verstar
erlendis!**



Töskur í stíl við skó „Mér bykir rosalega gaman að eiga töskur í stíl við skóna mína. Þessa keypti ég í ágúst síðastliðnum í H&M í London.“



Glingur „Ég er mikið fyrir glingur og þá vel ég helst náttúrulegt skart og ég er mjög hrifin af skarti frá Afríku. Ég er ekki mikið fyrir semelústeyna og svoleiðis. Þessa eyrnalokka keypti ég í London. Þeir eru gerðir úr páfuglsfjóðrum, en það er uppáhaldsfuglinn minn.“

Lokkar frá Afríku „Þetta eru uppáhaldseyrnalokkarnir mínir. Þeir eru keyptir í Afríku, en ég bjó þar með fjölskyldunni minni í þrjú ár. Lokkarnir eru handunnir og eru úr þurrkuðum laufblöðum.“



Skórnir „Þetta eru þrjú uppáhaldsskópörin mín. Rauðu skórnir eru keyptir hér heima en hina keypti ég í New York. Svo á ég auðvitað svört stígvél sem ég nota mjög mikið.“

Spennan magnast í Idolinu
Angela Ingibjörg Coppola
á sér enga keppinauta



Forza
Angela!

SÖNG MEÐ BULLANDI KVEF



Francis Ford Coppola Angela veit ekki hvort hún er skyld leikstjóranum Francis Ford Coppola en langar að hitta hann.

Angela Ingibjörg Coppola söng sig inn í hjórtu Íslendinga á föstudaginn í æsispennandi Idol-keppni, þrátt fyrir bullandi kvef.

Það fór ekki framhjá neinum er hún mætti í áheyrnarprufurnar og söng lag eftir Noruh Jones. Það vissu allir sem á horfðu að hún myndi ná langt.

Angela er ítölsk og bjó lengi í Svíþjóð og dómarnir vildu heyra meira. Á föstudaginn tók Angela lagið Because of You með Kelly Clarkson sem sigraði í fyrsta bandaríska Idolinu.

En það er ekki bara röddin sem heillar. Andlit hennar er undurfagurt. Angela hefur allt sem sönn Idolstjarna þarf að bera og verða aðdáendur Idolsins ei hissa ef þessa unga og fallega stúlka sem er einungis 19 ára á eftir að krækja sér í toppsætið og verða Idolstjarna okkar allra.

ÞAU ERU LÍKA KOMIN ÁFRAM



Smoothies

ávaxtadrykkir eru úr pressuðum ávöxtum,
án allra aukaeftna, án viðbættis sykurs.



100% hreinn safi

ARKA sími 8992363

Erla Erlendsdóttir er búin að vera í ísbransanum síðan 1987

ALVÖRU
FÓLK

Hinn fullkomni ís Erla hefur miklar reynslu í ísgerð og kannski er þetta hinn fullkomni ís sem hún hefur gert fyrir Hilmi eiginmann sinn.

Með gamlar vélar

Erla notast við gamlar ísvélar. Hún segir þær miklu betri en þær nýju og ísinn bragðast betur úr þeim.



MEÐ VIRÐULEGAN

Ég er búin að vera í ísbransanum síðan 1987," segir Erla Erlendsdóttir en hún og maðurinn hennar Hilmi Sigurðsson reka Ísbúðina í Fákafeni. Það þekjka margir Erlu úr Ísbúðinni Álfheimum en sú búð var á sínum tíma vinsælasta ísbúð Reykjavíkur. Erla stofnaði hana og rak í mörg ár. „Við byrjuðum með mjög

litla búð, hún var aðeins 60 fermetrar og við vorum fljót að sprengja hana af okkur og fluttum okkur um nokkra metra í helmingi stærra húsnæði," segir Erla.

Vinsælasta ísbúðin

„Ég byrjaði á því að lækka verðið á ísnum um helming og þá varð bara allt

brjálað," rifjar Erla upp en á þeim tíma var mjög algengt að raðir væru út úr búðinni, svo vinsæl var hún. „Það er kúnst að gera góðan ís, yfirleitt eru stelpurnar svona þrjá mánuði að ná að gera ísinn eins og ég vil hafa hann," segir Erla en tekur fram að eftir hálf tveimur árum þær farnar að gera virkilega flottan ís.



Með hamar á lofti
Hilmir sér um allt við-
hald í búðinni og þykir
nokkuð lipur með ham-
arinn.



Bragðast vel Hér gerir Hilmir
bragðkönnun á ísnum.



Erla með verkstjórahattinn
Erla Erlendsdóttir og Hilmir Sig-
urðsson ásamt Ester Ósk sem
starfað hefur hjá þeim hjónum
síðan hún var sextán ára.

VERKSTJÓRAHATT

Gamlar ísvélar

„Ég er enn með gömlu ísvélar, þær vinna öðruvísi en þær nýju og fólk segir að það skili betri ís,“ segir Erla. Erla er gift Hilmi Sigurðssyni og hefur hann verið með henni í ísbransanum lengi. „Ég gæti til dæmis ekki verið með þessar gömlu vélar ef hann væri ekki svona hand-

laginn. Hann getur gert við flest enda er hann skipasmiður,“ segir Erla, greinilega stolt af bónda sínum. Hjónin mæta til vinnu á hverjum degi því þau sjá um að ganga frá og þrifa ísvélar. „Það er mikil kúnt að þrifa þessar vélar svo vel sé og hreinlæti er mjög mikilvægt.“

Með verkstjórahatt

Það hefur vakið athygli að Erla gengur um með virðulegan hatt þegar hún afgreiðir í búðinni: „Þetta er verkstjórahattur fyrir verkstjóra í frystihúsum. Stelpurnar eru alltaf með hárband en þessi hattur fer mér bara betur finnst mér,“ segir Erla og það má með sanni segja að hatturinn gefi henni virðulegan blæ.

Örlogadísirnar leiddu þau Árna Tryggvason
leikara og Kristínu Nikulásdóttur saman

Allt í blóma „Hjón eru
ekki svona lengi saman
nema að allt sé í blóma.“

ÞETTA VAR ÁST VIÐ FYRSTU SÝN

Farsælt hjónaband Árni og Kristín halda upp á 55 ára brúðkaupsafmæli á annan í jólum.



„Ég sá strax að þetta var konan sem var ætluð mér og upp úr þessu spratt hjónaband. Við kynntumst í apríl 1950 og giftum okkur á annan í jólum.“

Það er mjög sérkennilegt hvernig við Kristín kynntumst og er það pínulítil grínsaga í kringum það. Ég vann með manni í Kjötbúð Tómasar á Laugavegi 2 sem nú er Kofi Tómasar frænda. Þar vann með mér maður sem var nýskilinn við konuna sína. Hann vildi endilega fá mig með sér til spákonu og lá í mér þangað til að ég lét undan. Svo segir hann við mig þegar hann kemur út að þetta hafi verið rosalega flott og hún hafi sagt ýmislegt sem hann var alveg undrandi yfir, bæði það sem var búið að ske og það sem ætti eftir að koma fyrir hann,“ rifjar Árni Tryggvason einn af okkar ástsælustu leikurum upp. Við þetta ákvað Árni að láta undan og fór sjálfur inn til spákonunnar.

Ást og skautar

„Þetta var voðalega sérstök kona og mjög þekkt á sínum tíma. Ég fór þarna inn og þá var þetta klósettið sem hún notaði og bauð manni að sitja á. Það var reyndar breitt yfir klósettið teppi sem ég settist síðan á. Hún sat þarna og var að lesa yfir mér alls konar rök. Svo kemur hún inn á kafla og segir við mig: Heyrðu, ég sé hvernig þú kynnist konunni

þinni! Hvernig þá? spurði ég. Þú kynnist henni á skautum! Ég hafði gaman af að fara á skauta á þeim tíma,“ segir Árni.

Stuttu seinna fór Árni ásamt vini sínum á skauta sem var yfir sig skotinn í vinkonu Kristínar Nikulásdóttur, tilvonandi eigin konu Árna. „Í fyrsta skipti sem ég sá konuna mína var hún með skauta á öxlinni,“ segir Árni og var undrandi yfir tilviljuninni því saga spákonunnar var þá enn fersk í minni hans.

Gift eftir átta mánuði

„Ég sá strax að þetta var konan sem var ætluð mér og upp úr þessu spratt hjónaband. Við kynntumst í apríl 1950 og giftum okkur á annan í jólum,“ segir Árni hlæjandi. „Þetta var ást við fyrstu sýn og guð hefur komið eitthvað inn í þetta. Þetta er nú ástarsagan okkar.“

Árni og Kristín halda upp á 55 ára brúðkaupsafmæli nú á annan í jólum, þó að Árni segi það nú ekki merkilegt afmæli. „Maður gerir eitthvað. Bjóðum upp á súkkulaði og finar kökur.“ En hjónabandið hefur verið farsælt enda segir Árni að lokum: „Hjón eru ekki saman svona lengi nema allt sé í blóma. Það segir sig sjálft.“

Ást við fyrstu sýn Þegar Árni sá Kristínu fyrst var það ást við fyrstu sýn.



Texti: Hanna Eiríksdóttir H&N-mynd: Valli

Guðni Ágústsson fór með eiginkonunni til Kúbu



ALVÖRU
FÓLK

Á hestbaki „Hér er ég með Árna Þór og hans konu á hestbaki.“



Að plægja „Hér er ég að plægja akurinn og bóndinn er að kenna mér handtökin.“



Uxar „Þá kemur maður hundrað ár aftur í tímann. Uxar eru notaðir til að plægja jörðina og húsa-kynnin eru ægileg hjá þjóð sem varla fæðir sig.“

HÉLT RÆÐU Á BYLTINGART

Ég var þarna með konunni minni og vinkonum hennar sem eru í litlum klúbbi sem heitir Maggnús í höfuðið á Maggnúsi Víkingi, sem var með í ferðinni,“ segir Guðni Ágústsson nýkominn heim frá Havana á Kúbu. Guðni man vel eftir Kúbu frá því hann var smápolli og segir Castro hafa vakið hjá sér athygli fyrir að ná völdum.

„Manni bregður náttúrulega í brún að koma þarna og sjá þetta land. Þessar glæsilegu byggingar í Havana hrynja nú af sjálfu sér, öll málning farin og þjóðin virðist fátæk. Maður fann samt að menntunin er góð og heilbrigðisþjónust-

an er ókeypis. En það er kraftur og frelsi fólksins sem hefur verið lamað undir stjórn Castros og kommúnismans,“ segir Guðni og nefnir að hann hafi hitt lækna og prófessora sem starfi sem leigubílstjórar og þjónar. „Það er náttúrulega skelfilegt að þessir hámenntuðu menn skuli ekki fá neitt út úr sínu fagi í dag.“

Jónas frá Hríflu í stað Castros

Guðni fór í nokkrar skoðunarferðir og kíkti meðal annars á bændur í sveitum landsins. „Þá kemur maður hundrað ár aftur í tímann. Uxar eru notaðir til þess

að plægja jörðina og húsa-kynnin eru ægileg hjá þjóð sem varla fæðir sig. Þarna er eilíft sumar, moldin er frjó og kallar á dugandi bændur og vélar. Hafid er fullt af fiski en það má ekki róa því þá strjúka menn frá landinu. Þetta er því þjóð í helsi,“ segir Guðni sem hefur velt framtíð Kúbu fyrir sér.

„Þegar Castro fer frá völdum hefur maður áhyggjur af því að mafían komi og haldi þessari þjóð frosinni áfram við skelfileg lífskjör og átök.“ En Guðni er með lausnina á vanda kúbversku þjóðarinnar. „Ég sá náttúrulega fyrir mér að þarna vantar fyrst og fremst Framsóknarflokk

og Jónas frá Hríflu til þess að færa þetta þjóðfélag inn í nútímann eins og við gerðum fyrir 70–80 árum. Við erum ekki lengur fátæk þjóð, heldur ein auðugasta þjóð heims.“

Bílar frá 1950

Guðni segir það einnig hafa verið mikið ævintýri að sjá bílaflotann á götum Havana. „Þarna sá maður allar gömlu bílategundirnar sem voru manni nánast gleymdar. Bílar frá 1950 sem maður hefur ekki séð lengi.“

Þó fátæktin sé mikil hefur landið sjálft margt til brunns að bera. „En svona er bara kerfi kommún-



Með kúrekahatt
Guðni á hestbaki með kúrekahattinn.



Í jeppiferð Guðni og Margrét kona hans fóru í jeppasafarí. „Dekkið á jeppanum var sprungið.“



Í siglingu Guðni og Margrét Hauksdóttir kona hans í siglingu.



Á Byltingartorginu
„Hérna ávarpar Castro milljón manns. Ég hélt ræðu þarna og talaði um nýju byltinguna. Þetta er ræðustóll Castros, þarna talar hann í sex klukkutíma í einu. Þessi á bak við mig er ekki ósvipaður Jóni Baldvini.“ Á bak við Guðna er stytta af frelsis-
hetjunnu José Martí.

ORGINU Í HAVANA

ismans. Hin auðugu lönd Austur-Evrópu hafa verið lögd í rúst af mönnum og pólitíkinni. Kúba býr við sína fátækt vegna þess að pólitíkin er eins og hún er,“ segir Guðni og bætir við að skelfilegt sé að hugsa til þess að CIA hafi 36 sinnum reynt að drepa Castro.

„Að það skuli enn líðast í veröldinni að menningarþjóðir séu að reyna að drepa þjóðarleiðtoga er eitthvað sem við Íslendingar skiljum ekki,“ segir Guðni sem hélt ræðu á Byltingartorginu með frelsis-
ishetjuna José Martí fyrir aftan sig.

Hlýleg þjóð

Guðni segir að auðvitað sé

hægt að hjálpa þessari þjóð og það sé í raun mjög mikilvægt verkefni. „Olían, akrarnir og þessi yndislega veðráttu. Það er allt í þessu landi. Með skipulagi á næstu 10–15 árum er hægt að ná líf skjörum eins og við Íslendingar búum við.“

Ráðherranum fannst þjóðin hlýleg og fólkið gott og almennilegt. „Þarna hitti ég íslenska konu í ferðinni sem upplifði góða stund þegar hún gaf fötin af sér og bónda sínum á fornunum vegi. Hún hafði aldrei séð meiri gleði í augum eins manns og þegar hún gaf strigaskóna af bónda sínum manni sem ekki átti skó.“

Texti: Breki Logason – H&N-mynd: Úr einkasafni

Soffía Hafþórsdóttir og Hulda Björk Grímsdóttir opnuðu nýverið hönnunar- og saumastofuna ZATIN



Samvinna Þeim Huldu og Soffíu gengur vel að vinna saman enda verið vinkonur frá 10 ára aldri.



Soffía við saumavélina Þær stöllur hanna allt og sauma sjálfar margs konar fatnað.

Hulda og Soffía Vinkonurnar glaðar á svip í nýju búðinni ZATIN.



Fiskroð Hulda og Soffía hafa mikið saumað úr fiskroði í ýmsum litum.



Hæfileikaríkar!

VINKONUR Í VERSLUNARBRANSA

Við erum búnar að vera vinkonur frá því að við vorum 10 ára gamlar," segir Soffía Hafþórsdóttir fatahönnuður, en hún og æskuvinkona hennar Hulda Björk Grímsdóttir opnuðu í nóvember hönnunar- og saumastofuna ZATIN í Grafarvogi.

Góðar saman

„Við þekkjum hvor aðra mjög vel og gengur þess vegna vel að vinna saman,“ segir Soffía. Þær vinkonur Soffía og Hulda útskrifuðuðust saman af mynd- og hand-

íðabraut Verkmenntaskólans á Akureyri árið 1993.

„Við vorum í fyrsta árgangnum sem útskrifaðist af þessari braut og vorum því hálfgerð tilraunadýr,“ segir Soffía og hlær. „Við erum báðar förðunarfræðingar, en sú menntun nýttist okkur í fatahönnuninni.“

Við allra hæfi

Soffía útskrifaðist úr fatahönnun árið 1997 í Ósló í Noregi. „Þetta er auðvitað draumur að ræstast að geta rekið verslun með eigin hönnun,“ segir Soffía.

„Við Hulda ræddum þetta um tíma og ákváðum svo bara að skella okkur út í verslunarrekstur og líkar það bara vel. Við erum alveg rosalega ánægðar.“

Þær vinkonur hanna báðar fötin í búðinni og er fiskroð í miklum metum hjá þeim. Þær sauma líka úr öðrum efnum og meðal þess sem má finna í búðinni eru: toppar, kjólar, bólerópeysur og fleira. Fólk getur einnig komið til þeirra með hugmyndir sem þær svo útfæra.

„Við leggjum áherslu á að reyna að gera eitthvað við allra

hæfi,“ segir Soffía. „Það ættu allir að finna fatnað sem hentar hjá okkur.“

Listakonur

Það má finna fleira en föt í búðinni hjá þeim Soffíu og Huldu. „Á veggjunum í búðinni eru myndir eftir Huldu,“ segir Soffía. „Myndirnar eru til sölu líka og einnig glerlistmunir sem eru til skrauts hjá okkur.“

Þeim stöllum er greinilega ýmislegt til lista lagt og það verður forvitnilegt að fylgjast með þeim í framtíðinni.

Texti: Sunna Finnbogadóttir DV-mynd: Pjetur

Fæst án
lyfseðils

NOVARTIS
CONSUMER HEALTH



Fljótvirkt verkjalyf m.a. við tíðaverkjum

Inniheldur engin ávanabindandi efni



VoltarenDolo®

Díklófenak-K 12,5 mg

Lesið í lófa

Sigurlín
Margrét
Sigurðardóttir
táknmálsþula og
varaformaður
Frjálslynda
flokksins

HAMINGJUSÖMUST ÞEGAR HÚN ELSKAR

Elly Ármanns
hjá spamadur.is les í
lófa fræga fólksins.



 SPÁMAÐUR.IS

Margir kunna að skilgreina lófa-
lestur sem skilaboð örlaganna en
við minnum á að hér er einungis
um dægurvöl að ræða. Lófalestur
krefst nákvæmrar skoðunar þar

sem línur og tákn sem koma fram í
hendi hvers og eins þurfa ekki að
koma fram hjá öðrum. Þegar lesið
er úr lófa tengir maður saman upp-
lýsingarnar sem hendurnar veita.

Hönd Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur segir frá eðliseiginleikum hennar, styrkleikum og veikleikum og ekki síst erfðafræðilegum þáttum.

1 Hjartalína
Þegar hjartalína liggur nálægt fingrunum er eigandi lófans afbrýðisamur en það á alls ekki við Margréti. Línan hennar sveigist niður á við og það segir að hér er um ástríðufulla og heillandi manneskju að ræða. Það sem einkennir hana er að hún á góð samskipti við fólkið í kringum sig. Hún leitir aðeins að umbúðalausum sannleikanum og gerir fólk eflaust stundum forviða með innsæi sínu. Það sem einkennir Margréti er að hún er mjög gefandi í samskiptum við sína nánustu. Hún er að eðlisfari verndandi og nærandi og þessum eiginleikum beitir hún eflaust af kostgæfni í móðurhlutverkinu.

Það er áhugavert að skoða hjartalínu Margrétar (1). Hún sýnir að Margrét er náttúruunnandi því hún er tengd náttúrunni og elskar hana bæði sem hugtak og afmarkaða reynslu.

2 Höfuðlína
Hér byrjar höfuðlína hennar við líflínuna (5) en það bendir til varkárni sem er góður kostur í fari hennar því hún er trygglynd þrátt fyrir óraunsæi oft á tíðum. Hún er skynsöm, staðföst og heimkær.

3 Marssvæði (I, II og III)
Marssvæðin eru nokkur (sjá útskýringu á mynd) og þegar þau rísa hátt eins og í hennar tilfelli er um uppfinningasama, vitsmunalega og fjölhæfa konu að ræða. Hún veit og skilur að auðlindir heimsins eru dýrmætar og vill nota þær skynsamlega. Hún hendir til dæmis engu sem hana grunar að gæti komið að gagni í framtíðinni. Marssvæði hennar segja til um ríkidæmi, völd, auð og gnægð. Velgengni og velmegun í jákvæðum skilningi.

4 Mánakúfur birtist annaðhvort lágur eða hárt hjá fólki. Mánakúfur er mjög hárt hjá henni og segir það að hún er hamingjusömust þegar hún elskar og finnur að hún er elskuð innilega. Margrét er auðmýktin holdi klædd og eflaust alltaf með mörg járn í eldinum í einu. Djúpstæð skynjun hennar á hringrás tilverunnar er aðdáunarverð og svo er gaman að minnast á að þessi fallega kona er dásamlegur helmingur af hvers kyns pari – maki, vinnufélagi, trúnaðarvinkona eða besta vinkona.



Sigtryggur Baldursson setur upp jólaskraut með dætrum sínum



Með dætrunum
Sigtryggur og dæturnar tvær Eyrún og Una.



Sprellari Hér bregður Sigtryggur á leik með yngri dóttur sinni.



Heitt hangikjöt „Heima hjá mér hefur alltaf verið borðað heitt hangikjöt á jóluunum, það er allt öðruvísi.“



Undir þak Hér setur hann eina serúna undir þakskyggnið á húsinu sínu.



Handlaginn Sigtryggur segist oftast nota mikið af litlum serium og gervigreni.



Skrifar handrit „Ég er núna að skrifa handrit að stuttmynd sem ég ætla að leikstýra. Það er saga um gamlan mann sem er heltekinn af girðingum og lítur á þær sem listaverk.“

GERA GÓÐA GIRÐINGU

og bætir við að hann eigi mjög stóra og samheldna fjölskyldu.

Stór stuttmynd

En Sigtryggur er ekki bara hæfileikaríkur tónlistarmaður. „Ég er núna að skrifa handrit að stuttmynd sem ég ætla að leikstýra. Það er saga um gamlan mann sem er heltekinn af girðingum og lítur á þær sem listaverk. Ég girti með bróður mínum og fékk þessa hugmynd þar, það er mikil list að gera góða girðingu,“ segir Sigtryggur sem hefur fengið styrk á myndina og er að vinna með erlendum með-

framleiðendum. „Þetta verður stór stuttmynd.“

Aðspurður hvort Sykurmolarinn verði með kombakk innan tíu ára segir Sigtryggur: „Ef það er eitthvað sem ég stend ekki í, þá eru það kombakk-bönd. Svona hlutir eru algjörlega börn síns tíma. Fólk gerir þetta yfirleitt bara ef það vantar peninga og þá er bara verið að pissa yfir minningu þessara hluta.“

Tveir karakterar

En hefurðu ekki margoft komið með kombakk með Milljónamæringunum?

„Nei, sko, Bogomil Font er allt annað mál.

Ég skipti þessu svoltið í tvennt. Annaðhvort er maður að starfa í músík sem listamaður eða skemmtikraftur, þó það fari stundum saman. En ég skipti mínu lífi í tvennt,“ segir Sigtryggur ákveðinn og greinilegt er að Bogomil Font er ekki að mæla þessi orð. „Stundum vinn ég í hlutum sem ég kalla tónlist með stóru L-i og svo bjó ég til karakter sem heitir Bogomil Font og hann er skemmtikrafturinn. Ég fæ að standa í listabransanum og hann er skemmtikrafturinn,“ segir hinn stórskemmtilegi Sigtryggur Baldursson að lokum, önnur kafinn við jólaskeytingarnar.

Rebekka Guðleifsdóttir ljósmyndari

ALVÖRU
FÓLK

Rebekka Guðleifsdóttir
Þessi skemmtilega mynd
heitir Colgate time.

KOMIN MEÐ YFIR HÁLF

Ég finn fyrir mikilli innri þörf fyrir að taka ljósmyndir," segir Rebekka Guðleifsdóttir en hún er 27 ára áhugaljósmyndari sem hefur verið að slá í gegn á netinu með myndum sínum.

„Ég datt inn í þetta fyrir slysi fyrir hálfu ári síðan þegar ég fékk mér alvöru stafræna myndavél," segir Rebekka en ljósmyndunin

greip hana strax og hún ákvað að læra allt sem við kemur myndatöku.

Fimm þúsund heimsóknir á dag

Rebekka er í dag í Listaháskólanum í myndlistardeild en hún hefur í nokkur ár fengið við að teikna andlitsmyndir. „Ég hef verið að selja andlitsmyndir en ég byrjaði á því að

nota netið til að auglýsa það," segir Rebekka en segist hafa byrjað að setja inn ljósmyndir og þær hafi strax vakið mikla athygli.

„Þegar ljósmyndirnar fóru að vekja svona mikla athygli fór ég að einbeita mér meira að þeim," segir Rebekka en bæði ljósmyndir hennar og teikningar má sjá á vefslóðinni www.flickr.com/photos/rebba/.



Fljúgandi epli Rebekka hefur verið að æfa sig í mismunandi ljósmyndun og þessi mynd er samsett úr tveimur myndum.



Köld vatnsgusa Það er ekki gott að fá kalda vatnsgusu á bakið.



Notar sjálfa sig sem myndefni Þær myndir sem hafa vakið mesta athygli hjá Rebekku eru af henni sjálfri.



A MILLJÓN HEIMSÓKNA

Í dag er Rebekka komin með yfir hálfa milljón heimsókna síðan í maí og að meðaltali koma inn á síðuna hennar um fimm þúsund heimsóknir á dag.

Notar sjálfa sig

Það vekur athygli að margar af myndunum á vefnum eru af Rebekku sjálfri. „Já, það

eru ekki margir sem taka listrænar myndir af sjálfum sér en það hefur vakið mjög mikla athygli. Þetta er mín sjálfsskoðun og tjáning,“ segir Rebekka ákveðin en hún hefur líka verið að taka myndir af sonum sínum, þeim Bjarka og Hauki. „Þeir eru góð módel,“ segir Rebekka og hlær.

Stefnir hærra

„Maður tekur eftir því þegar síðan er skoðuð að margar myndir eru af þér. Hvernig heldur þú þér í formi?“

„Ég hef alltaf hugsað vel líkamann og ég lyfti mikið og hef gert í tíu ár,“ svarar Rebekka og hlær. Hún segist stefna hærra og vonandi geta lifað af ljósmyndun í framtíðinni.

Tónlistarmaðurinn Sigurjón Brink er þessa dagana heimavinnandi húsaðir



Fjör Haukur er greinilega hæstánægður með að hafa pabba sinn heima að leika við sig.

FEDRA-
ORLOF

ÞETTA ER ÞAÐ BE

Það er alveg yndislegt að geta verið heima þennan tíma," segir tónlistarmaðurinn Sigurjón Brink, en hann er þessa dagana í hálfgerðu fæðingarorlofi.

Sigurjón og Þórunn Erna Clausen leikkona eignuðust sitt fyrsta barn saman þann 6. maí síðastliðinn. Litli prinsinn hlaut nafnið Haukur Örn Brink. „Við ákváðum að halda í hefðina, svo

hann fékk mitt ættarnafn," segir Sigurjón. „Hann er skírður í höfuðið á móðurafanum þannig að þetta voru sanggjörn skipti.“

Þórunn fór mjög fljótlega að leika aftur eftir fæðinguna, en hún er á fullu þessa dagana að leika í sýningunni Leitinn að jóluum. Þá kom sér vel að vinnutími Sigurjóns er aðallega á kvöldin og um helgar, svo hann getur verið

heima yfir daginn að gæta bús og barna. „Ég á tvö börn úr fyrra sambandi og get sinnt þeim meira vegna sveigjanlegs vinnutíma," segir Sigurjón. „Við Haukur Örn höfum það voða gott yfir daginn," segir Sigurjón. „Við leikum okkur saman og þegar hann fær sér lúr get ég unnið að ýmsum verkefnum. Við erum þessa dagana á fullu að undirbúa jólin.“



Hressir feðgar
Sigurjón og Haukur
í miklu fjöri.



Haukur og Sigurjón Brink Haukur litli fékk ættarnafnið frá pabba sínum.



Kennslustund Það er nú hægt að læra fullt af honum pabba sínum.



Feðgar Sigurjón með sonum sínum Hauki og Aroni Brink.

STA Í HEIMI

Sigurjón segir það ekkert í bígerð að prinsinn fari til dagmömmu. „Ég held að hún tengdamóðir mín myndi nú ekki samþykkja það,“ segir Sigurjón og hlær.

„Hún myndi alveg örugglega heldur vilja passa hann sjálf en senda hann til dagmömmu. Við erum mjög heppin með það að eiga góða að. Tengdamóðir mín og mágkona hafa verið

mjög liðlegar við okkur. Þær eru alltaf tilbúnar að gæta Hauks, en við þurfum stundum á því að halda þar sem við vinnum ekki þennan „venjulega“ níu til fimm vinnudag heldur þurfum oft að vera fjarverandi á kvöldin.“

Sigurjón og Gunnar Ólafsson Skítamóralismaður spila saman öll fimmtudagskvöld á Hverfisbarnum og þá er gott að geta leitað til

fjölskyldunnar eftir pössun. Það er nóg að gera hjá litlu fjölskyldunni, en Sigurjón og Þórunn eru mikið hestafólk og biða nú eftir að koma hestunum sínum í hús og hlakka til að geta riðið út yfir jólahátíðina. „Þetta er það besta í heimi, ég er alveg í skjúnum,“ segir Sigurjón, greinilega hæstánægður með að geta notið tímans með börnunum sínum.



Pröstur og Heiður
Gott að kúra hjá pabba sínum.

Pröstur Karelsson er á leiðinni í fæðingarorlof og hlakkar mikið til

PETTA ÆTTU ALLIR PABBAR AÐ GERA

Pað er alveg meiriháttar að fá að vera heima með litla krílið," segir Pröstur Karelsson, sem er faðir á leiðinni í fæðingarorlof.

„Ég tók mánuð í apríl og fór svo beint í sumarfrí í maí.“ Pröstur og kona hans Íris Ríkharðsdóttir eignuðust sitt fyrsta barn þann 13. mars síðastliðinn og hlaut litla stúlkan nafnið Heiður.

„Núna á ég tvo mánuði eftir af fæðingarorlofinu, en ég ætla að taka einn núna og eiga hinn inni," segir hinn stolti faðir. „Mér þykir mjög sniðugt að skipta þessu niður og fá að eyða tíma með henni á mismunandi þroska-

stigum.“ Íris er heima með litlu prinsessuna og það þykir Presti mjög mikilvægt. „Ef fólk hefur tök á finnst mér alveg nauðsynlegt að annað foreldrið sé heima á meðan börnin eru svona lítil. Það kostar fullt af pening að setja börnin til dagmömmu og þar krækja þau sér í alls kyns flensupestir sem eru að ganga. Það hefur skipt mig miklu máli að geta verið heima með Heiði og ég hefði alls ekki viljað sleppa þessu," segir Pröstur.

„Það er margt sem maður þarf að læra þegar maður eignast sitt fyrsta barn.“ Þegar hann tók fæðingarorlof í apríl var litla fjölskyldan

einmitt að flytja í nýja íbúð. „Þetta smellpassaði allt saman. Ég gat dundað við að vinna í nýju íbúðinni meðan Heiður svaf og svo fórum við í góða göngutúra og bara nutum lífsins," segir hann og hvetur alla karlmenn til að taka fæðingarorlof og þá ekki endilega allt í einu.

„Mér finnst að fæðingarorlof ætti að vera eitt ár og að fólk ætti að geta skipt því á milli sín eins og hentar hverju sinni.“ Pröstur segist hafa verið mjög liðtækur í öllu sem við kom umönnun Heiðar litlu. „Ég var strax mjög klár í bleyjuskiptingum, enda hafði ég mikið umgengist börn systur minnar.“ Það er margt sem ber að varast fyrir ný-

bakaða foreldra, en fyrir skemmstu hefði getað farið illa þegar Heiður litla gleypti hársþennu.

„Ég vil bara vara fólk við," segir Pröstur. „Við litum af henni eitt augnablik og á meðan tók hún finu spennuna úr hárinu og stakk henni í munninn.“ Betur fór en á horfðist og spennan skilaði sér rétta leið.

Vinnuveitendur eru misliðlegir við menn þegar kemur að fæðingarorlofi. „Ef maður lætur vita með góðum fyrirvara hvenær maður hyggst taka sér frí ætti þetta ekki að vera vandamál," segir Pröstur sem hlakkar til að eyða jólamánuðinum með litlu prinsessunni sinni.




Fæðingarorlof Allir
pabbar ættu að nýta sér rétt sinn og taka fæðingarorlof.



Margt að læra Heiður
er fyrsta barn þeirra Prastar og Írisar.



Góðir vinir Heiður
er greinilega mikil pabbastelpa.



Á góðri stund
Pröstur segir það meiriháttar að fá að vera heima með litla krílið.



Syngur fyrir hana Helgi raular fyrir dóttur sína og spilar á gítar. Hann segir hana vera þá einu sem nenni að hlusta.



Lífið breytist Helgi Þór segir lífið hafa breyst töluvert eftir að dóttir hans kom í heiminn og það sé nauðsynlegt að eyða eins miklum tíma með henni og mögulegt er.

Sæt saman Helgi Þór og litla prinsessan hans sem hefur ekki fengið nafn ennþá.

Helgi Þór Harðarson er í feðraorlofi og klárar BA-ritgerðina

GAMAN AÐ RAULA FYRIR HANA

FEDRA-ORLOF

Ég er að klára BA-ritgerðina mína í febrúar og ætla að vera í þrjú mánaða feðraorlofi því ég er enn í skóla og fæ fæðingarstyrk. Það er alveg brjáláð að gera og fyrstu dagarnir og vikurnar hafa verið rosalega mikil viðbrögð fyrir okkur hjónin. Fæðingin og undirbúningurinn var voða lítið mál. Maður gerir sér ekki grein fyrir því hversu mikið lífið breytist, maður vissi það, en samt ekki," segir Helgi Þór sem eignaðist litla dóttur ásamt eigin konu sinni Maríu Ingibjörgu Ragnarsdóttur fyrir aðeins þremur vikum.

Helgi segir að hann og María ætli að skiptast á að taka barnseignarfrí og að hann ætli jafnvel að taka sér eitthvert frí í sumar. „Fyrstu dagarnir, vikurnar og mánuðir eru mikilvægir. Þá er svo mikið að gerast. Hún er að breytast svo þvítíkt mikið, bara þegar hún leggur sig breytist hún. Það kemur ekkert annað til greina en að vera með henni," segir Helgi.

„Ég reyni að vera heima eins mikið og ég get. Ég hef reyndar ekkert byrjað að skrifa ritgerðina. Maður er svo bjartsýnn og heldur að þetta verði ekkert mál.“

En ættu karlmenn að fá lengra feðraorlof? „Ekkí spurning. Það væri algjör draumur í dós. Það eru komnir svo margir taktar, bros og hún er farin að taka eftir hlutunum. Það er svo rosalega mikið að gerast og hún er strax komin með karakter. Við spilum til dæmis alltaf Sigur Rós fyrir hana og hún vill síður hlusta á aðra tónlist. Það eru litlu hlutirnir sem gera þetta skemmtilegt," segir Helgi.

Eru þið búnir að nefna hana? „Við höldum að hún væri strákur og vorum komin með svona 10 strákanöfn, þannig að við erum ekki komin með neitt nafn ennþá. Um jólin setjumst við niður. Fáum okkur rauðvinsglas og förum í smá „brainstorming“.“
Var allt eins og þú hafðir búist við?

„Ég veit að þetta er klisja en ég vonaði bara að hún væri heilbrigð. Fyrstu mínúturnar eftir að hún kom í heiminn voru erfiðastar þegar það var verið að skoða hana. Á meðan fæðingin stóð yfir bjóst ég við flugeldum og brjálæði en þetta gekk betur en ég hélt. En við erum að spá í að fara út í haust, annað hvort til Danmerkur eða Spánar. María vill fara til Danmerkur en ég til Spánar. Þetta eru tvö ár og maður fær ekki mörg tækifæri til að dvelja erlendis á lífsleiðinni. En það verður rosalegt ævintýri," segir Helgi.

Hann segir þessa fyrstu mánuði í lífi dóttur hans einstaklega mikilvæga. Að ná þessari tengingu við hana sem margir karlmenn missa af. „Það skiptir mig mestu máli að vera í kringum hana. Raula fyrir hana og spila á gítarinn því hún er örugglega eina manneskjan sem nenni að hlusta.“

Ingibjörg Guðrún Magnúsdóttir málar á endurunninn pappír frá Þýskalandi og það eru ljósið og kærleikurinn sem ráða ríkjum

AÐ ÞYKJA VÆNT UM

NÆRIR SÁLINA

Kærleikur!

ALVÖRU FÓLK



Kærleikstréð
Nokkrar myndir Ingibjargar eru af kærleikstré sem þessu sem er afar fallegt.

Alheimshringurinn
Þetta er það sem Ingibjörg kallar andleg mynd, en hún hefur málað í 5 ár og þá aðallega á kvöldin.



Kórinn minn í Ísland er land þitt
Nótur við lagið Ísland er landið. Ingibjörg tekur það fram að hún notar engan svartan lit í neinum af myndunum sínum.



Leyndarmál sófans
Á myndinni eru tvö vínglós og eitt til vara ef manneskjan er alveg ómöguleg.



Ég hef alltaf verið listræn í mér. Hef alltaf fönðrað og leikið sér með leir og gler, en þetta hefur alltaf verið hobbí hjá mér. Það hefur blundað í mér lengi að prófa að mála," segir Ingibjörg Guðrún Magnúsdóttir sem opnaði nýverið listasýningu í gallerí veitingastaðarins Galileo. Ingibjörg hefur unnið ýms störf í gegnum tíðina en það var hvatning frá góðum vinum sem ytti henni á þessa braut.

„Ég er svolítill öfgamanneskja. Verð að hafa 10 myndir í gangi í einu og svo fóru þær að fæðast hver á fætur annarri. Þær eru gerðar í svo miklu þakklæti og við

þurfum að leyfa okkur að þykja vænt um," segir Ingibjörg en margar af myndum hennar eru einmitt af kærleikstrénu.

Ingibjörg segir það mikilvægt að fólk leyfi ekki ríkidæminu eða buddunni að ráða heldur gera það sem okkur langi til í stað þess að gera ekki það sem við verðum eða eigum að gera. „Það er svo mikilvægt að kyssa barnið sitt á morgana og á kvöldin og ég vona að það komi í gegn í myndunum.“ Hún hefur málað þessar myndir í rúm fimm ár.

Ingibjörg er ekki bara myndlistarmaður heldur er hún líka sjáandi og hefur verið síðan hún

man eftir sér. Á yngri árum var hún oft ósátt við þessa gjöf en hefur lært að vera þakklát fyrir hana. „Það er svo æðislegt að geta fengið að vita hluti um fólkíð í kringum sig. Þá getur maður sinnt manneskjunni betur og maður lítur aldrei til baka og segir: Ég hefði átt að gera þetta eða hitt," segir Ingibjörg og eru myndir hennar sumar hverjar mjög andlegar.

Ingibjörg vinnur með endurunninn pappír og akrýlmálningu. En pappírinn er frá Þýskalandi og keypti hún átta arkir sem hún notlistarmaður heldur er hún líka sjáandi og hefur verið síðan hún

leikurinn og ljósið ráða ríkjum enda ber sýningin heitið Sýning ljóssins. Það er mikill kærleikur sem umvefur Ingibjörgu. Hún á fjögur börn og segist sjálf vera rík manneskja Það er aldrei að vita nema að Ingibjörg snúi sér alfarið að listinni en ef dæma má af fyrstu sýningu hennar sló hún aldeilis í gegn og seldi níu verk af 16. „Að kunna að þykja vænt um er líka að næra sálina því það lætur okkur líða vel," segir Ingibjörg við blaðamann og heldur heim á leið í faðm fjölskyldunnar.

Sýning Ingibjargar stendur yfir til 4. janúar á Galileo í Hafnarstræti.



EINI SÚLUSTADURINN Á LANDINU

Goldfinger er eini súlustadurinn á höfuðborgarsvæðinu.

Auk glæsilegra kvænna, erum við með mikil úrval veisluhugunda, þvíða er boðið upp á annað eins.

Á **Goldfinger**, getur þú gengið að þri visu að hópur gullfallegra kvænna frá fjölmörgum þjóðlindum leiki fyrir þig listir sínar og skemmti þér á ógleymanlegan hátt.

Komdu á **Goldfinger**, og njóttu þín í fínhestri stemningu öll kvöld frá klukkan 20.

GOLDFINGER

Þvær vikur til jóla!

Sigurður M. Guðjónsson bakarameistari
í Bernhöftsbakarí bakar piparkökur

Sigurður ætlar að bjóða lesendum Hér & nú upp á ljúffenga piparkökuuppskrift þessa vikuna. Það er gáman að geta þess að Bernhöftsbakarí var stofnað árið 1834 og er því 171 árs gamalt.



Sigurður og Arnar Erlingsson
Kominir í jólaskipið.



Jólin nálgast Hér er Arnar að smella í ofninn gómsættum smákökum

Þegar piparkökur bakast!

Sigurður klár í jólin Jólakaksturinn er nú kominn í fullan gang í Bernhöftsbakarí.

Piparkökur

- 250 gr. hveiti
- 250 gr. sykur
- 90 gr. smjör/smjörlíki
- 1 egg
- 3 msk. sýróp
- 1 tsk. natron (matarsódi)
- 1/2 tsk. negull
- 1/2 tsk. engifer
- 1 tsk. kanill

Allt efnið er hnoðað vel saman. Deigið er síðan flatt út og svo er bara um að gera að nota hugmyndaflugið við að skera það út. Þetta er mjög gott deig til að nota í piparkökuhús því það rennur ekki mikið út. Bakið kökurnar við 180°C í ca. 15–20 mínútur, eða þar til kökurnar eru gullinbrúnar.

DENON

Þitt eigið tónlistarhús

Heimabíó magnarar, magnarar og DVD

DENON margverðlaunað af virtustu fagfímaritum
fyrir útlit og hágæða hljómflutning



80 W x 7 (8 ohms) • 56 stöðva (AM/FM) minni • Sjálfvirk stilling með hljóðnema

DENON AVR-1906 magnari



15 gerðir verð frá 39.900



á hljóðmögnum
sem gefur
hámarks gæði
hljómurðarins



Progressive Scan (PAL/NTSC Output)(*4) • 108 MHz High Resolution Video D/A Converter • 24-bit, 192-kHz

DENON DVD-1720 spilari



5 gerðir verð frá 24.900

DivX afspilun • Component Video út
RGB SCART • 2 MB Buffer Memory
Picture Zooming (x2 eða x4)

BYGGÐU ÞITT
EIGIÐ TÓNLISTARHÚS
Á DENON



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Símar: 520 7901 & 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

PRÓFIÐ HVAÐ VEISTU UM MADONNU?

1. Árið 1958 fæddist Madonna Louise Veronica Ciccone. Í hvaða borg var það?

- New York, New York
- Bay City, Michigan
- Detroit, Michigan
- Villa Madonna, New Jersey

2. Hvað hét popp/rokkbandið sem Madonna var í á áttunda áratugnum?

- The Madonnas
- Breakfast Club
- St. Elmo's Fire
- Madonna and the Virgins

3. Í september árið 1983 gaf Madonna út sína fyrsta plötu sem varð gríðarlega vinsæl. Hvert var fyrsta lagið hennar til að komast á Top 40?

- Holiday
- I Want to Rule the World
- Lucky Star
- Cherish

4. Í hvaða söngleik lék Madonna á Broadway?

- Chicago
- Madonna: The One Woman Show
- Speed the Plow
- Hello Suckers

5. Hvaða stjarna kom ekki fram í fyrstu heimildarmynd Madonna, Truth or Dare?

- Al Pacino
- Sean Penn
- Antonio Banderas

6. Madonna fékk Golden Globe-verðlaun fyrir leik sinni í:

- Will & Grace
- Evita
- Shanghai Surprise
- A League of Their Own

7. Madonna á dótturina Lourdes með fyrrverandi...

- ...einkabjálfa sínum
- ...bílstjóra sínum
- ...þjóni sínum
- ...kokkinum sínum

8. Hvaða fræga þau kynnti Madonna fyrir verðandi eiginmanni hennar Guy Ritchie?

- Elton John og David Furnish
- Gwyneth Paltrow og Chris Martin
- Stella McCartney og Alasdair Willis
- Sting og Trudie Styler



1. Bay City, Michigan 2. Breakfast Club 3. Holiday
4. Speed the Plow 5. Sean Penn 6. Evita 7. Einka-
þjálfara sínum 8. Sting og Trudie Styler

RÉTT STIG

6-8

Þú ert sérfræðingur í Madonna. Það eru fáir sem vita meira um poppdrottninguna en þú. Þú ert með feril hennar kortlagðan og ert líklega fróðari um hana en sjálfur Guy Ritchie.

4-6

Þú ert þokkaleg/ur í Madonna-fræðum. Hefur örugglega hlustað á helstu slagara hennar og séð hana í Evitu. Mættir samt kynna þér hana aðeins betur.

0-4

Þú veist ekki neitt um Madonna. Þú heldur örugglega að Like a Virgin sé flutt af Helgu Möller eða Jóhönnu Guðrúnu. Madonna er drottning, kynntu þér hana.

RÉTT SVÖR

igma

verslun

Opnunartími virka daga 11-18
og laugardaga 10-14

igma ehf. Kleppsmýrarvegur 8, 104 Rík.
Íþégn Hásemmiðjunní og Bláus Skútuvogll
Sími 553 1144, www.igma.is

Ný sending



Sæbraut

Kleppsmýrarvegur

blómaval



Súðavogur

Skútuvogur

Hér erum við



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

1 Nafnið frá ömmu og afa

„Ég heiti Hannes Hólmsteinn eftir afa mínum og ömmu. Hann hét Hannes, en hún Hólmfríður Steinunn.“

2 Jólamaturinn

„Jólamaturinn heima hjá mér, þegar ég var lítill, var alltaf tómatsúpa bragðbætt með rjóma og með eggjum út í og hamburgara-hryggur.“



3 Rauðvín og Oxford

„Ég vandi mig á að drekka rauðvín með mat, þegar ég var í Oxford, en þar hlaut ég verðlaun, sem fólust í því, að ég mátti snæða ókeypis við háborðið með kennurunum á mínum garði, College, þrisvar í viku.“



4 Uppáhalds

„Eftirlætisrauðvinið mitt er Chateau Cantenac Brown frá Frakklandi.“

5 Var grannur

„Ég var alltaf tággrannur, en hef því miður gildnað með árunum, þótt ég reyni að klæða það af mér og fáir taki eftir því.“

6 Stundum uppstökkur

„Ég er almennt frekar hress og í góðu skapi, en það kemur fyrir, að ég sé uppstökkur seinni hluta dags, áður en ég fæ mér kvöldmat, enda þá stundum orðinn svangur og þreyttur.“



10 hlutir sem þú vissir ekki um mig...

Hannes talar um tómatsúpu, uppáhaldsrauðvinið og iPodinn sinn.

7 Flugvellir heilla ekki

„Ég hef ekki nærri því eins gaman af að ferðast og þegar ég var yngri. Það leiðinlegasta, sem ég geri, er að bíða á flugvöllum.“

8 Botnlanginn

„Það sprakk í mér botnlanginn haustið 2004. Hann var skorinn burt. En ég er sannfærður um, að hann hefur sprungið áður eða a.m.k. opnast, því að ég fékk nákvæmlega sömu einkenni nokkrum árum áður. Læknirinn, sem skar mig, segir að þetta geti vel verið, en þá hafi vefirnir lokað opinu.“

9 Elskar tónlist

„Ég á iPod, sem ég hef hlaðið inn eftirlætistónlistinni minni á, og síðan keypti ég Bose-tölvuhátalara, og það er fullkominn hljómur úr þessu í stofunni hjá mér. Það er skemmtilegast að geta valið sér sjálfur tónlist og raðað henni eftir efnum og ástæðum, rólega kvöldverðartónlist á einum lista, klassiska tónlist á öðrum, tryllta partítónlist á hinum þriðja o.s.frv.“



10 Gaman að lesa prófarkir

„Mér fannst mjög skemmtilegt að lesa prófarkir að bókinni minni um Halldór Kiljan Laxness, þriðja bindinu, sem kemur út núna fyrir jólin. Mér er alveg óhætt að mæla með henni.“

Hulda Kristinsdóttir er 18 ára og stundar nám í Borgarholtsskóla. „Ég er nú bara á listnámsbraut og verð þar eitthvað áfram.

Stefni á að sklára stúdentinn og sé svo bara til hvað ég geri,“ segir Hulda sem eyðir miklum tíma í ræktinni.

„Maður er bara að æfa á fullu og ég er voðalega lítið fyrir að djamma, kiki kannski í mesta lagi á rúntinn með vinum mínum.“ Um jólin ætlar Hulda að slaka á en viðurkennir að það sé smá jólaspenningur í sér.


„Ég er samt ekki mikil jólastelpan.“

hér&nú

STÚLKAN
Hulda Lind
Kristinsdóttir
18 árs

Persónuleg jólakort

með þinni mynd og þinni áletrun
á jólaverði - stuttur afgreiðslutími



Sparið tíma
Sparið peninga
Sparið pennann
og verið persónuleg

Einnig er hægt að setja þína
handskrift inn í kortið.
Skoðuðu úrvalið, pantuðu
á vefsíðu okkar og málið er leyst.

Allt á design.is

Boðskort
Jólakort
Dagatöl

og allt annað sem þér
dettur í hug að prenta

Nýjung-áprentaðir geisladiskar
í kreditkortastærð. Taka 50MB



www.design.is
design

Hlíðasmára 11-201 Kópavogur
Sími 414 8070 · www.design.is



Nytt
Nytt
Nytt

Live
Jennifer Lopez

PARFUMS



INSTINCT

THE NEW FRAGRANCE
FOR MEN



Ísflex ehf

DAVID BECKHAM INSTINCT ÚTSÖLUSTADIR:

Debenhams Smáralind · Hagkaup Kringlunni · Hagkaup Skeifunni · Hagkaup Smáralind · Hagkaup Spönginni · Lyf og Heilsa Kringlunni · Lyf og Heilsa Melhaga · Lyf og Heilsa Mjódd · Lyfja Garðabæ
Lyfja Laugarvegi · Lyfja Lágmúla · Lyfja Smáralind · Lyfja Smáratorgi · Lyfjaval Bílaapóteki · Lyfjaval Mjóddinni · Snyrtivörubúðin Nana Hólagagarði · Apótek Ólafsvíkur · Frihöfnin Keflavíkurflugvelli
Hagkaup Akureyri · Lyf og Heilsa Hellu · Lyf og Heilsa Keflavík · Lyfja Borganesi · Lyfja Húsavík · Lyfja Sauðárkróki · Siglufjarðar Apóteki · Snytristofan Jara Akureyri · Verslunin Jaspis Hornafirði

SOFÐU VEL UM JÓLIN

Jólagjöf fylgir hverri heilsudýnu

Svefn & heilsa



www.svefn.is

ATH!
Vaxtalaus greiðslukjör
í 12 mánuði.



Chiropractic®



Jólatilboð

Signature Queen kr. 119.900.- stgr.


Sú besta

samkvæmt stærstu
samtökum kírópraktora í heimi

IQ-CARE

HEILSUDÝNUR

EINSTÖK ÞRÝSITJÖFNUN
RÉTTUR STUÐNINGUR



Jólatilboð
Queen stærð
kr. 119.900.- stgr.

Gerðu samanburð iq-care.com

Nýr fjölstillanlegur Wallhugger



Jólatilboð Hjónarúm með
okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x 90 x 200 cm. kr. 299.900.- stgr.

Mest selda stillanlega rúmið

Frábær reynsla



BIFLEX

Jólatilboð Hjónarúm með
okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x 90 x 200 cm. kr. 199.900.- stgr.

Konfektkassi fylgir
hverjum heilsukodda

IQ-CARE
HEILSUKODDAR



Vinsælasta
jólagjöfin

Large kr. 7.490.- stgr.
Medium kr. 6.990.- stgr.
Small kr. 5.990.- stgr.

Amerískar
heilsudýnur

SLEEP &
HEALTH



Jólatilboð Royalty Queen
kr. 99.900.- stgr.

Sleep
Series



Jólatilboð
Euro 120x200 59.900.- stgr.
Queen 153x200 69.900.- stgr.



Leður
Hægindastólar

Kr. 54.000.- stgr.



Svefn sófar

Verð frá kr. 79.900.- stgr.



Úrval af húsgögnum



Úrval af teppasettum
Damask Sænguverasett
Hágæða dúnsængur ofl.

Frí heimsending á heilsudýnum á stór-Reykjavíkursvæðinu og Akureyri

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 15:00